




Bls. 8

Tala bara íslensku

Bls. 12



Örkumla og utangarðs

Bls. 24



Viljum orlofshús áfram

Bls. 26



Aldarafmæli Dagsbrúnar

Auðveldasta pönnukökudeig í heimi!



Það er auðveldast í heimi að gera þetta pönnukökudeig. Bara setja mjólk saman við innihald brúsans, hrista, hrista, hrista og þá er það tilbúið.

Það fást þrjár gerðir af Maizena pönnukökudeigi; gömlu og góðu pönnurnar, þessar amerísku og svo eru líka til matarpönnukökur til að fylla með ýmsu góðgæti sem máltíð. Hóaðu fjölskyldunni saman strax í dag og sláðu í gegn með Maizena pönnukökum.

MAIZENA



Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sæturn 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Guðmundur Þ. Jónsson

Sigurður Bessason

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Anna Lilja Sigurðardóttir

Ágúst Þorláksson

Bergþóra Margrét Jóhannsdóttir

Fjóla Jónsdóttir

Guðmundur Þ. Jónsson

Guðrún Kr. Ólafsdóttir

Harpa Ólafsdóttir

Hjálmfríður Þórðardóttir

Hjördis Baldursdóttir

Hjördis Þorsteinsdóttir

Hulda Hafsteinsdóttir

Ingunn Þorsteinsdóttir

Kristjana Valgeirsdóttir

Margrét Davíðsdóttir

Oddný Einarsson

Ólöf Björk Björnsdóttir

Sigríður Ólafsdóttir

Sigurður Bessason

Sigurður Gröndal

Sveinn Ingvason

Tryggvi Marteinsson

Þórdís Andrésdóttir

Þórir Guðjónsson

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir

Elin Baldursdóttir

Elin Hanna Kjartansdóttir

Hallsteinn Friðbjörnsson

Starfsafl

Kolbrún Stefánsdóttir

Jóna Vigdís Kristinsdóttir

Útlit og umbrót

Einn, tveir og þrír,

auglýsingastofa

Prentun og bókbönd

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsiðu

Út á sundin blá

Róbert ljósmyndari tók þessa mynd

úr Eflingarhúsinu í Sæturni

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sæturn 1.

Sími 510 7500/fax 510 7501

Skrifstofa Eflingar er opin á sumartíma frá öðrum mánudag í maímánuði ár hvert kl. 08.30 – 16.00 á vetrartíma frá öðrum mánudag í september frá kl. 08.30 – 16.30. Alla föstudaga er skrifstofa lokað kl. 16.00

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtudag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikning viðkomandi. Sími úthlutunarnefndar er 510 7510 myndsendir: 510 7511



Sigurður Bessason

Að bera ábyrgð

Hér í blaðinu er fjallað um hörmulegt mál pólska verkamannsins Ireneusz Gluchowski. Samkvæmt frásögn hans varð hann fyrir blóðeitrun sem leiddi til þess að hann missti báða fætur fyrir neðan hné, annað nýrað og hlaut mikla heyrnarskerðingu. Ireneusz kom til Íslands í apríl á s.l. ári og var ráðinn til vinnu við línulögn í Borgarfirði hjá Jarðvélum þegar hann varð fyrir þessu hörmulega slysi í lok júní. Þar sem hann hafði fengið kennitölu fyrir tilstilli tryggingafélags taldi hann að það jafngildi atvinnuleysi hér á landi. Fyrirtækið Jarðvélur sem réðu hann í vinnu gengu ekki frá atvinnuréttindum hans hér á landi. Með sama hætti virðist sem ekki hafi verið haft fyrir því að tryggja þennan starfsmann en fyrirtæki þarf að tryggja erlenda starfsmenn sérstaklega fyrstu sex mánuði í starfi áður en þeir fara á launþegatryggingu.

Í janúar s.l. bárust fregnir af þessu hræðilega slysi í fjölmiðlum, sex mánuðum eftir að það gerðist. Þrátt fyrir það að þá strax hafi verið haft samband við Vinnueftirlitið og Vinnumálastofnun hefur ekkert gerst í málinu af hálfu þessara stofnana. Nú í lok febrúar þegar meira en hálft ár er liðið frá slysinu, hefur enn engin skýrsla verið tekin af Ireneuszi, málið hefur ekki verið kært til lögreglu og Vinnueftirlitið hefur ekki svo vitað sé sinnt rannsóknarskyldu sinni. Getur verið að þegar upplýsingar um slys koma seint fram þá telji eftirlitsstofnanir íslenska ríkisins að ekki sé ástæða til þess að skoða mál af fullum þunga? Hversu stór þurfa áföllin að vera til þess að þau séu tekin til rannsóknar? Hversu alvarleg þurfa slysin að verða til að Vinnueftirlitið gegni rannsóknarskyldu sinni?

Skilaboðin sem íslensk yfirvöld eiga að senda frá sér í svona alvarlegum málum eiga að vera markviss og ákveðin. Það verður að taka á alvarlegum slysamálum þegar grunur vaknar um að fyrirtæki hafi orðið uppvíst af því að fara á svig við lög um atvinnuréttindi í landinu eða hafi ekki tryggt starfsmenn sína lögboðinni launþegatryggingu. Að minnsta kosti skulda menn Ireneuszi Gluchowski að það sé farið ofan í botn á þessu máli.

Mál Ireneuszar vekur einnig ýmsar spurningar sem eru ekki síður alvarlegar en fötlun hans. Grunur hefur lengi verið um að nokkur fjöldi fyrirtækja séu að ráða starfsmenn með þessum hætti erlendis frá. Dæmi hafa sannað að svo sé. Þar er um að ræða bæði einstaklinga sem hafa komið sem ferðamenn sem og í gegnum erlendar starfsmannaleigur. Þessir einstaklingar njóta engra lögboðinna réttinda hér á landi og eru í reynd tifandi tímasprengja á vinnumarkaðnum. Slys gera aldrei boð á undan sér og enginn veit hver er næstur. Sem betur fer brást heilbrigðiskerfið íslenska ekki við eins og eftirlitsstofnanirnar. En þar er líka spurt hver eigi að greiða reikning þar sem fyrirtæki brjóta lög og reglur og afleiðingarnar lenda á erlendu launafólki.

Þess vegna skiptir öllu máli að rétt sé staðið að ráðningu starfsmanna og síðan ekki síst að öll réttindi séu á hreinu. Það er óásættanlegt að einstaklingar geti lent í svo hörmulegu slysi og viðbrögð eftirlitsstofnana og fyrirtækisins sem réði hann séu nánast engin. Allt vegna þess að ekki er staðið rétt að málum. Fyrirtækið verður að horfast í augu við ábyrgð sína í málinu og eftirlitsstofnanir á vinnumarkaðnum að vinna sín skyldustörf í svo alvarlegu máli.

Sigurður Bessason
formaður Eflingar-stéttarfélags

EFNISYFIRLIT

Hvet aðra	4	Aftur í nám	32
Símtalið kostar	6	Spennandi nám	36
Nýr kjarasamningur	10	Bretta upp ermar	37
Örkumlaður og utangarðs	12	Nám sem hækkar laun	38
Kerfið virkaði ekki	16	Skemmtileg vika	40
Alltaf spennandi	17	Tala bara íslensku	42
Indland	18	Iðar af lífi	43
Vatnslitir og olía	20	12. mars á Breiðvangi	45
Vaxholm málið	22	Raunávöxtun 17,8%	48
Viljum orlofshús áfram	24	Styrkir til þeirra	54
Merkisafmæli	26		



Félagsliðabréfin

Hvet aðra til að kynna sér þetta nám

-segir Eyþór Brynjólfsson

Eyþór Brynjólfsson trúnaðarmaður til margra ára var í hópi tólf Eflingarfélaga sem voru útskrifaðir af félagsliðabréðu hjá Námsflokkum Reykjavíkur þann 15. desember sl. Hann hóf störf við umönnun á endurhæfingardeild á Kleppsspítala fyrir fimmtán árum og var eini karlmaðurinn í útskriftarhópnum. Eyþór hefur lagt hart að sér við þetta nám og sýnt einstakan dugnað við að ljúka náminu m.a. með því að fara í sumarskólann á sl. sumri til að ná sér í einingar til að hraða náminu.

Eyþór segist hafi tekið þátt í starfi hóps sem vann að undirbúningi náms fyrir félagsliða vorið 2004 og það hafi orðið til þess að hann ákvað að láta skrá sig. En alls voru 20 manns skráðir í fyrsta hópinn sem hóf námið.

Það voru liðin 33 ár frá því að ég var í skóla síðast og ég verð að viðurkenna að mér fannst erfitt að byrja aftur

Það voru liðin 33 ár frá því að ég var í skóla síðast og ég verð að viðurkenna að mér fannst erfitt að byrja aftur. En það lagaðist eftir því sem á leið og mér tókst að ljúka náminu með dyggri aðstoð frábærra kennara. Námsfernið var fjölbreytt og ég bætti miklu við þekkingu mína og skilning á flestum þáttum,

sem snerta starf mitt á spítalanum, segir hann.

En ég heyrði líka sagt frá því hvernig búið var að fötluðum og geðveikum í gamla daga og það var ekki fögur lýsing. En það hafa orðið miklar breytingar á aðstöðu þessara hópa síðan og vonandi heldur sú þróun áfram.

Að sögn Eyþórs kemur námið mjög vel út launalega í hans tilfelli. Ég fékk sex launaflokka hækkun og það er eitthvað sem ég hélt að ég ætti aldrei eftir að upplifa í þessu starfi.

Ég vil þess vegna hvetja alla sem eiga þess kost og starfa við umönnun að kynna sér vel þetta nám.

Í haust er svo stefnt að því að fara af stað með Sjúkraliðabréðu og ég er ákveðinn í að sækja um ef af því verður, sagði Eyþór að lokum.

Trópi

- náttúrulega hreinn safi

Innihaldið í Trópi

er ekkert leyndarmál.

Við tökum einfaldlega utan
af ávöxtunum fyrir þig.



Hvað kostar símtalið?



Það er langtum dýrara að hringja úr GSM síma í heimasíma en á milli tveggja heimasíma. Fimm mínútna langt símtal í heimasíma kostar að meðaltali 12,50 krónur ef hringt er úr öðrum heimilissíma, en sé þetta sama símtal hringt úr farsíma kostar það 79 krónur að meðaltali. Munurinn er rúm 530%. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri könnun verðlagseftirlits ASÍ þar sem bornar eru saman gjaldskrár símafyrirtækjanna tveggja fyrir almennan heimilissíma, GSM síma sem eru í áskrift og fyrir framgreidda GSM þjónustu (frelsi).

Umtalsverður símakosnaður heimilanna

Símakostnaður heimilanna er umtalsverður og auk heimilissímans er á flestum heimilum a.m.k. einn GSM sími. Gjaldskrár símafyrirtækjanna geta hins vegar oft verið snúnar og ekki alltaf auðvelt að gera sér grein fyrir því hvað símtalið kostar og hvar er hagkvæmast að eiga viðskipti. Mikið er um ýmis tilboð sem fela í sér að hringja megi í ákveðið símanúmer hjá viðkomandi fyrirtæki án endurgjalds.

Gjaldskrárnar eru þannig uppbyggðar, að símakostnaður einstaklinga fer að talsverðu leyti eftir því við hvaða símafyrirtæki viðtakandinn sem hringt er í skiptir. Yfirleitt er dýrara að hringja í númer hjá öðru símafyrirtæki en því


sem skipt er við, einkum þegar hringt er í GSM síma.

Það kostar t.a.m. tæpar 50 krónur að hringja þriggja mínútna símtal úr heimasímanum í GSM síma sem er hjá sama símafyrirtæki og þú skiptir við og um 66 krónur ef þú hringir þetta sama símtal í GSM síma sem er skráður hjá öðru símafyrirtæki.


Notir þú hins vegar GSM símann til að hringja, kostar það um 36 krónur ef viðtakandinn skiptir við sama fyrirtæki og þú, en 68 krónur að meðaltali ef hann gerir það ekki. Fyrir símanotendur þýðir þessi aðgreining að ekki er alltaf hlaupið að því að bera saman símakostnað milli símafyrirtækjanna tveggja og gera sér grein fyrir því hvort það borgar sig að skipta um söluðila.

Könnunina í heild má skoða á heimasíðu ASÍ, www.asi.is

3 mín. símtal í GSM síma



5 mín. símtal í heimasíma



Raunávöxtun tæp 18% 7% hækkun réttinda

Árið 2005 var fyrsta starfsár Gildis-lífeyrissjóðs, en sjóðurinn varð til við samruna Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna. Samanburðartölur fyrir árið 2004 eru samanlagðar tölur úr reikningum eldri sjóða.

Starfsemi á árinu 2005

(Allar fjárhæðir í milljónum króna)

Efnahagsreikningur:	31.12.2005	31.12.2004
Verðbréf með breytilegum tekjum	84.210	56.609
Verðbréf með föstum tekjum	83.934	75.292
Veðlán	9.852	10.214
Bankainnstæður	2.074	1.587
Kröfur	1.292	1.821
Fasteign, rekstrarfjármunir og aðrar eignir	265	372
Skuldir	- 331	- 117
Hrein eign til greiðslu lífeyris	181.296	145.778
Breytingar á hreinni eign:	2005	2004
Iðgjöld	6.628	5.644
Lífeyrir	- 4.109	- 3.677
Fjárfestingartekjur	33.292	23.722
Fjárfestingargjöld	- 113	- 99
Rekstrarkostnaður	- 209	- 208
Aðrar tekjur	29	26
Hækkun á hreinni eign á árinu	35.518	25.408
Hrein eign frá fyrra ári	145.778	120.370
Hrein eign til greiðslu lífeyris	181.296	145.778
Tryggingafræðileg staða:	2005	2004
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	32.077	16.021
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	21,0%	11,9%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	28.877	6.066
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	10,9%	2,6%
Kennitölur:	2005	2004
Raunávöxtun	17,8%	15,0%
Hrein raunávöxtun	17,7%	14,9%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	8,6%	5,0%
Eignir í ísl. kr. (%)	83%	80%
Eignir í erl. gjaldmiðlum (%)	17%	20%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	21.828	21.400
Fjöldi launagreiðenda	3.933	3.446
Fjöldi lífeyrisþega	13.654	13.113

Ávöxtun:

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2005 var 22,6% sem jafngildir 17,8% raunávöxtun. Meðaltal raunávöxtunar sjóðsins s.l. 5 ár er 8,6%. Raunávöxtun skuldabréfa var 5,23%, ávöxtun innlendra hlutabréfa var 71,5%, en Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hækkaði um 64,7%. Ávöxtun erlendra hlutabréfa sjóðsins var 16,3% í íslenskum krónum, en til samanburðar hækkaði heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) um 12,2%. Nafnávöxtun séreignardeildar sjóðsins var þannig: Framtíðarsýn I 15,7% (11% raunávöxtun) og Framtíðarsýn II 10,2% (5,4%). Framtíðarsýn III er verðtryggður innlánsreikningur sem bar 4,3% verðtryggða vexti á árinu 2005.

Hækkun réttinda:

Í ljósi góðrar stöðu sjóðsins hefur stjórn hans samþykkt að leggja til við ársfund að áunnin réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega verði hækkuð um 7% frá 1. janúar 2006.

Ársfundur 2006.

Ársfundur sjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 26. apríl n.k. kl. 17.00 á Grand Hótel Reykjavík. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.

Stjórn sjóðsins.

Ari Edwald, formaður	Helgi Laxdal, varaformaður
Fríðrik J. Arngrímsson	Höskuldur H. Ólafsson
Konráð Alfreðsson	Sigurður Bessason
Sveinn Hannesson	Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson





Skólaslit í Landnemaskólanum

Nemendur og kennarar sem voru við útskriftina. fremri röð f.v. Halina Nabokowska, Elzbieta Julia Piecychna, Houria Yahyaoui, Josefa Furtak, Merita Keli, Banu Naimy og Sólborg Jónsdóttir, leiðbeinandi. Aftari röð t.v. Edward Polejowski, Erdogan Özcan, Ingibjörg Stefánsdóttir, leiðbeinandi og Helga Björk Pálsdóttir, leiðbeinandi.


Landnemaskólanum var slitið þann 31. janúar sl. og fór útskriftin fram í húsnæði Fræðsluseturs Eflingar í Sætúni 1. Alls luku átta nemendur náminu og eru þeir frá Póllandi, Tyrklandi,

Marakkó, Jórdaníu og Albaníu. Flestir nemendurnir starfa við umönnun eða ræstingar en einn þeirra vinnur hjá Mjólkursamsölunni. Í ávörpum sem voru flutt við útskriftina kom m.a. fram

að nemendur hefðu sýnt miklar framfarir á námskeiðinu og almenn ánægja hefði verið í þeirra hópi með námsefnið og fyrirkomulag kennslunnar.

Tala bara íslensku hér heima

- segir Erdogan Özcan



Erdogan Özcan, kom hingað frá Tyrklandi í febrúar árið 2000 og fékk vinnu hjá Mjólkursamsölunni. Hann segist hafa farið á íslenskunámskeið hjá Námsflokkum Reykjavíkur skömmu eftir komuna til landsins en sig hafi langað til þess að læra meira og ákveðið að sækja um í Landnemaskólanum.

Erdogan segir að nemendur hafi byrjað í sjálfstyrkingu en síðan hafi áhersla verið lögð á íslenskt talmál og nytsama þekkingu á íslensku samfélagi og atvinnulífi. Námsstíminn var mjög

skemmtilegur og kennararnir reyndust hópnum mjög vel. Eftir útskriftina bauð einn kennarinn okkur uppá veitingar heima heima hjá sér og þegar við höfðum gert þeim góð skil spjölluðum við saman um námið og rifjuðum upp skemmtileg atvik í náminu.

Það er mjög mikilvægt að þeir sem fara í svona nám, haldi áfram að æfa sig og þess vegna hef ég sett mér það markmið að tala bara íslensku hér heima, eins og ég hef gert undanfarna mánuði, sagði Erdogan að lokum.



Banu Naimy


Læri íslensku af börnunum

Banu Naimy er frá Jórdaníu og kom hingað fyrir fimm árum og fékk vinnu á Hrafnistu í Reykjavík. Hún segir að námsráðgjafar frá Mími- símenntun hafi verið með kynningu um Landnemaskólanum í vinnunni og sér hefði litist vel á það sem þeir höfðu fram að færa. Í fram-

haldi af því talaði ég við yfirmann minn og hún hvatti mig til þess að sækja um og svo byrjaði ég í skólanum í október sl.

Banu segir að kennslan hafi aðallega snúist um að efla sjálfstraustið og auka þekkingu nemenda á íslensku talmáli og samfélagi. Ég lærði margt á námskeiðinu sem á eftir að kom sér vel og sérstaklega fannst mér gott að læra málfræðina.

Í desember byrjaði ég í nýrri vinnu á leikskólanum Sunnuborg og ég á örugglega eftir að læra ennþá meira í íslensku af börnunum, sagði Banu að lokum.



Leggðu línurnar með Léttfeta



www.mjolka.is

NÚ EINNIG
KRYDDAÐUR



AÐEINS
5%
FITA



Léttfeti inniheldur einungis 5% fitu á meðan hefðbundinn fetastur inniheldur rúmlega 20%.

Láttu það eftir þér að borða gómsætan ost sem bragð er af.

– styrkurinn liggur í bragðinu!



Frá vinstri Lovísa Hallgrímsdóttir, ritari stjórnar SSSK, Margrét Pála Ólafsdóttir, formaður SSSK, Sigurður Bessason, formaður Eflingar og Harpa Ólafsdóttir, formaður kjaramálasviðs Eflingar.

Efling og Samtök sjálfstæðra skóla

Nýr kjarasamningur undirritaður

Efling-stéttarfélag undirritaði sinn fyrsta kjarasamning við ný Samtök sjálfstæðra skóla fyrir hönd aðildarskóla sinna. Samningurinn nær til um 170 félagsmanna Eflingar sem starfa á leik- og grunnskólum samtakanna í Reykjavík.

Samtök sjálfstæðra skóla (SSSK) eru regnhlífarsamtök sjálfstæðra leik- og grunnskóla á Íslandi og eru á sínu fyrsta starfsári. Þau voru stofnuð 10. mars 2005 og er tilgangur samtakanna að gæta hagsmuna sjálfstæðra skóla, efla samheldni þeirra, skapa vettvang til skoðanaskipta og vera í fyrirsvari fyrir sjálfstæða leik- og grunnskóla gagnvart opinberum aðilum.

Samningurinn tryggir aðstoðarfólki í þessum skólum sambærileg kjör og kveðið er á um í nýjum samningi Reykjavíkurborgar við starfsfólk á leikskólum á vegum borgarinnar. Ennfremur er kveðið á um í samningnum að aðilar muni skipa sérstaka samstarfsnefnd til að þróa áfram hinu góðu samvinnu þar

sem jákvæð þróun í kjaramálum aðstoðarfólks í sjálfstæðum skólum verður í fyrirrúmi.

Starfsfólk Eflingar hafa þegar kynnt

nýgerðan kjarasamning fyrir félagsmönnum sínum og var hann samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.



Sigurlaug Gröndal frá Eflingu skýrir út samninginn

Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi,
á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú
tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir
í sparnað... ert þú.

Eyddu í sparnað.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is



„Mamma sagði alltaf að flóuð
mjólk væri það besta fyrir svefninn.
Reglubundinn sparnaður virkar
jafnvel betur.“





Grimm örlög Pólsks verkamanns:

Örkumla og utangarðs

Hinn tæplega fertugi Ireneusz Gluchowski er örkumla eftir vinnuslys og blóðeirrun en býr við óvissu um réttindi og bætur vegna lögbrota Jarðvéla ehf. sem réði hann til vinnu án þess að tryggja atvinnuleyfi. Eftirlitsstofnanir brugðust Pólverjanum í þessu hörmulega máli. Það er grafalvarlegt þar sem aðrir útlendingar gætu lent í sambærilegum ógöngum.

„Ég vaknaði aftur meira en tveimur mánuðum seinna eða í byrjun september. Þegar að ég komst aftur til meðvitundar sá ég að ég hafði engar fætur“

Þegar pólskur verkamaður kom til Íslands og hóf störf hjá verktakafyrirtækinu Jarðvélum, var ekki rétt staðið að því að tryggja honum réttindi og vernd gegn slysum eða veikindum. Tryggingafyrirtæki sótti um kennitölu í hans nafni, en engin umsókn var lögð fram um atvinnuleysi. Pólverjinn fékk kennitölu en var af Þjóðskrá settur á „Utangarðsskrá“, þar sem útlendir einstaklingar eru þar til frekari leyfi eru fyrir hendi. En Pólverjinn hélt einmitt áfram að vera utangarðs.

Þegar hann síðan varð fyrir vinnuslysi og blóðeitrun og lá milli heims og helju á Landspítalanum hafði fyrirtækið gleymt honum og stofnanir samfélagsins heyrdi engar viðvörðunarbjóllur - þótt um sé að ræða mikilvægt fordæmismál gagnvart þeim útlendingum sem starfa hér án tilskilinna leyfa og réttinda. Eftirlitskerfið brást og hefur vart enn byrjað að uppfylla skyldur sínar. Á meðan bíður fertugur Pólverji eftir svörum, búinn að missa báða fætur fyrir neðan hné, annað nýrað og mikla heyrn. Hann virðist réttlaus á öllum vígstöðvum og verður fyrst og fremst að treysta á mannúðarsjónarmið að óbreyttu.

Pólverjinn er ekki félagi í Eflingu, en félagið hefur hins vegar tekið að sér að liðsinna honum eins og kostur er, veita honum ráðgjöf og styrkja hann fjárhagslega meðan hann býr enn við óvissu um réttindi og bætur. Ireneusz Andrzej Gluchowski, hinn 39 ára Pólverji, kom fyrst til landsins í desember 2004, en ákvað að koma aftur um miðjan apríl 2005 og þá með í huga að fá einhverja vinnu.

Hann segist hafa aflað sér upplýsinga ytra og að sér hafi verið sagt að til að búa og starfa á Íslandi þyrfti hann að fá kennitölu.

Hélt að kennitalan dygði

Sjálfur segist Ireneusz hafa talið að kennitala væri allt sem þyrfti og hans mál þar með öll komin á hreint. Það virðist deginum ljósara að Jarðvélur ehf.

hafi ekki sinnt lögbundinni skyldu sinni varðandi atvinnuréttindi hans

Hann hóf í lok apríl störf hjá fyrirtækinu Eykt, sem var í jarðvegsframkvæmdum við Borgartún í Reykjavík og starfaði þar í viku, en segist þá hafa óskað eftir vinnu hjá Jarðvélum ehf. Þar hóf hann störf 5. maí, en Vörður-Íslandstrygging, var skráður umboðsaðili Ireneusz í umsókn um skráningu og úthlutun kennitölu til erlends ríkisborgara. Áður hafði Ireneusz fengið leigða íbúð að Barmahlíð 7 í Reykjavík og fengið hana skráða sem löglegt aðsetur.

Aðdragandi blóðeitrunar

Undir lok júní 2005 gerast þeir atburðir sem leiddu til örkuðla Ireneusz, en þá voru Jarðvélamenn að vinna við framkvæmdir skammt frá Akranesi. „Ég vann ekki langt frá Akranesi uppi í fjöllum. Ég vann við að steypa sökkla og koma fyrir stögum undir rafmagnsstaúra, en þann 20. júní vorum við fluttir á annan stað. Þá bjuggum við í gömlum skóla en vorum á hverjum degi keyrðir um 15 kílómetra upp á fjöll þar sem við unnum,“ segir Ireneusz.

Um það bil 25. eða 26. júní varð Ireneusz fyrir vinnuslysi sem leiddi til þess að hann fékk sár á hendur, sem blæddi úr. Ekki var tilkynnt um atvikið, enda ólíklegt að á þeim tíma hafi verið litið á þetta sem alvarlegt atvik.

Veiktist hastarlega

Hins vegar veiktist Ireneusz hastarlega 29. júní. „Í enda júní komu notaðir gámar sem átti að nýta undir vinnubúðir. Gámarnir voru fullir af drasli, t.d. flöskum, blöðum, spýtum og fleira. Ég og tveir aðrir starfsmenn vorum settir í að þrifa gámana og gera þá íbúðarhæfa. Við byrjuðum að koma matsalnum í stand, þar sem að ég þreif m.a. ísskáp sem innihélt gamlar matarleifar. Ég þreif líka aðra skápa og bakaraofn.“

Þann 29. júní leið honum skyndilega illa, í hádegismatnum og hélt að hann væri haldinn flensu, þannig hafi einkennin verið. „Ég sagði verkstjóra mínum að mér liði mjög illa og að ég treysti mér ekki til að vinna meira þann dag. Eftir þetta samtal sagði verkstjórinn mér að fara niður í skólann þar sem að við bjuggum. Samstarfsmaður minn skutlaði mér í skólann og ég fór að sofa. Um klukkan fjögur síðdegis vakti annar samstarfsmaður mig og sagði mér að hann og tveir aðrir starfsmenn ætluðu til Reykjavíkur og að ég yrði að fara með. Það væri ákvörðun verkstjórans.“

Skelfingu lostinn

Samstarfsmennirnir óku Ireneusz heim í Barmahlíðina, þar sem hann lagðist til svefns. „Ég vaknaði um sexleytið og varð skelfingu lostinn þegar ég sá að hendur mínar og fætur voru svartar.



Ireneusz og sonur hans Severin, segja söguna á skrifstofu Eflingar

Þá gerði ég mér grein fyrir því að ég væri ekki bara með flensu. Ég notaði mína síðustu krafta til að fara til nágranna míns á hæðinni fyrir ofan og það hann um að hringja á sjúkrahúsið. Eftir stutta stund kom sjúkrahúsið og keyrði mig á spítala, en mér leið allan tímann mjög illa.

Eftir komuna á spítalannan hann að hann fékk súrefnisgrímu og sprautu og að síðan hafi hann sofnað. „Ég vaknaði aftur meira en tveimur mánuðum seinna eða í byrjun september. Þegar að ég komst aftur til meðvitundar sá ég að ég hafði engan fætur.“

Passinn fannst í buxnavasa

Starfsfólki bráðamóttöku Landspítalans var vandi á höndum þegar komið var með Ireneusz. Nágranninn hafði komið með honum í sjúkrahúsið, en síðan farið aftur þegar Ireneusz var kominn í öruggar hendur. En það var ekki auðhlaupið að því að finna út hver maðurinn væri og hann sjálfur rænulítill eða meðvitundarlaus með öllu.

Haft var samband við Ríkislögreglu-stjóraembættið, sem fann út dvalarstað mannsins og í kjölfarið fannst sími hans og tölva. Nafn mannsins fannst á launa-seðli og haft var samband við heiðurs-ræðismann Póllands á Íslandi, Friðrik Gunnarsson. Það var hins vegar starfs-fólk Landspítalans sem fann vegabréf Pólverjans í buxnavasa í Barmahlíðinni. Í kjölfarið kom staðfesting á því hver maðurinn væri.

Það var ekki auðhlaupið að því að finna út hver maðurinn væri og hann sjálfur rænulítill eða meðvitundarlaus með öllu

Fátt til hjálpar

Spítalinn hafði samband við Friðrik ræðismann og það hann m.a. að hafa samband við Pólland með í huga pólskan spítala sem gæti tekið við Ireneusz þegar að því kæmi. Náði það svo langt að sjúkrahúsið rétt hjá Kraká var komið í málið, en ekki hefur reynst unnt ytra að taka við honum miðað við lækisfræðilegar kröfur Landspítalans um tryggn, reglulegan aðgang að blóð-skilunarvél. Með þau svör í höndunum hefur spítalinn haldið áfram að sinna Ireneusz, sem nú er í endurhæfingu og um það bil að fá gervilími í mannúðar-boði Össurar hf.

Þá virðast þær upplýsingar hafa komið fram hjá systurstofnun Tryggingastofnunar ríkisins í Póllandi að Ireneusz sé ekki sérstaklega eða félagslega tryggður þarlendis, hann hafi þannig ekki tilheyrð sjúkrasamlagi. Í samtali við Friðrik nefnir hann að hvorki sendiráð Póllands í Noregi eða hann sem ræðismaður hafi í sjóði að leita til að koma Ireneusz til hjálpar.

Mannúð í öndvegi

Friðrik segir að það séu mannúðar-sjónarmið að senda Ireneusz ekki út í lækisfræðilega óvissu í Póllandi. „Ég get varla ímyndað mér meiri athygli og góðmennsku en þá sem hann hefur notið af hálfu Landspítalans og síðan er Össur að færa honum gervilími. Þá hafa Pólsku nunnurnar í Hafnarfirði sinnt honum duglega.“

Ireneusz vaknaði sem fyrr segir upp við þann hrylling í byrjun september að vera fótalaus báðum megin fyrir neðan hné, en auk þess varð annað nýrð óvirkt, heyrn horfin af vinstra eyra og hægri eyrað aðeins með hálfa heyrn, en fyrir þessa atburði var Ireneusz að eigin sögn stálhraustur.

Jarðvélar lítið fylgst með örlögum Ireneuszar

Svo er hins vegar að sjá að fyrirtækið Jarðvélar ehf. hafi lítið og jafnvel ekkert fylgst með örlögum Ireneusz í kjölfar slyssins og veikindanna. Frétt birtist í DV um örlög Ireneuszar þann 11. janúar 2006 og þá virðist fyrirtækið hafa sent að sjúkrarúminu starfsmann, samlanda Ireneusz.

Telur Ireneusz að fyrirtækið hafi kostað flugmiða og gistingu fyrir fyrrum eiginkonu Ireneusz sem kom og dvaldi hér um hríð, en aðrar upplýsingar benda til þess að það hafi verið starfsfólk á Landspítalanum sem hafði frumkvæðið að söfnun vegna hingað komu fyrrum eiginkonunnar og Severins, 18 ára sonar Ireneusz.

Vinnumálastofnun með málið til skoðunar

Vinnumálastofnun kom seint inn í mál þetta. Hins vegar hefur Gissur Pétursson, forstjóri stofnunarinnar, staðfest að stofnunin sé með málið til skoðunar í ljósi meintra brota á ákvæðum laga um atvinnuréttindi útlendinga, enda sé það saknæmt athæfi að ráða til sín menn í vinnu á þann hátt sem gert var.

Unnur Sverrisdóttir lögfræðingur stofnunarinnar staðfestir að til skoðunar sé að kæra fyrirtækið fyrir brot á þeim lögum.

Fékk kennitölu án tilskilinna leyfa

Eftir því sem best verður séð lendir Ireneusz gjörsamlega á milli kerfa. Hann hefur engin félagsleg réttindi á Íslandi og virðist ekki heldur tilheyra neinu sjúkrasamlagi eða tryggingakerfi í Póllandi.

Hér á landi hefur það vakið eftirtekt

Atvinnuleyfi þýðir sjúkratrygging

Úr lögum um atvinnuréttindi útlendinga

Lögin gefa heimild til að veita atvinnuleyfi vegna starfa útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni. Lögunum er einnig ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins í atvinnuskyni og kveða á um rétt útlendinga til atvinnu hér á landi að ákveðnum skilyrðum fullnægðum...

Oheimilt er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að ráða útlending til starfa, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, eða hlutast til um að útlendingur flytjist til landsins í því skyni án atvinnuleysis...

Tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa. Skilyrði þess að atvinnuleyfi

megi veita samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

...b. Að fyrir liggi umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein eða viðkomandi landssambands...

...c. Að fyrir liggi undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis sem tryggi starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn...

d. Að atvinnurekandi sjúkratryggi erlendan starfsmann þannig að hann njóti verndar til jafns við ákvæði almannatryggingalaga.

Tímabundið atvinnuleyfi skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Frá þessu má þó víkja ef ríkar sanngirnis-ástæður eru fyrir hendi...



að Ireneusz hafi fengið kennitölu án þess að það væri beintengt veitingu atvinnuleyfis, en Þjóðskrár upplýsir að kennitölu er úthlutað þegar t.d. tryggingafélag sækir um og er umboðsaðili, en þetta er nokkurs konar bráðabirgðaskráning meðan beðið er eftir því að öll leyfi komi í hús, ekki síst atvinnuleyfi.

Engar tilkynningar um afleiðingar alvarlegs vinnuslyss

Engar tilkynningar voru sendar vegna vinnuslyssins og/eða veikindanna af hálfu fyrirtækisins og Vinnueftirlitið kom því ekki að málum strax í upphafi. Reyndar virðist stofnunin hafa gengið út frá því, miðað við þá þekktar staðreyndir, að ekki hafi verið um vinnuslys að ræða og málið því ekki á könnu stofnunarinnar. Miðað við þær forsendur sem nú liggja fyrir hlýtur stofnunin að láta málið til sín taka á næstu dögum. Þá kann aðkoma rannsóknardeilda lögregluþyrvalda að vera nauðsynleg fyrr en síðar.

Enda er það nær samdóma álit viðmælenda greinarhöfundar að mjög nauðsynlegt sé að örlög Ireneusz verði könnuð með fullgildum rannsóknum, þ.m.t.

öflun gagna og vitnaleiðslum. Það sé skuld íslenska samfélagsins við hinn

grátt leikna Pólverja.

Friðrik Þ. Guðmundsson, blaðamaður.

Hvað varð um tilkynninguna?

Úr lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Atvinnurekandi skal skrá öll slys sem eiga sér stað á vinnustaðnum og leiða til andláts eða óvinnufærni starfsmanns í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Hið sama gildir um þá sjúkdóma sem atvinnurekandi hefur rökstuddan grun eða vitneskju um að eigi rætur sínar að rekja til starfsins eða annarra aðstæðna á vinnustaðnum. Einnig skal atvinnurekandi skrá óhöpp sem eiga sér stað á vinnustaðnum og eru til þess fallin að valda slysum.

Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri

daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Atvinnurekandi skal innan viku tilkynna skriflega um slysið til Vinnueftirlits ríkisins.

Vinnueftirlit ríkisins skal rannsaka orsakir slysa, óhappa og mengunar sem tilkynnt er um... í þeim tilgangi að stuðla að því að komið sé í veg fyrir að slíkt endurtaki sig á vinnustöðum.

Þegar Vinnueftirliti ríkisins hefur borist tilkynning skulu starfsmenn þess fara á staðinn án ástæðulauss dráttar til að hefja vettvangskönnun.

Ljóst að kerfið virkaði ekki

- segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar

Það er ljóst að hörmulegt slys átti sér stað í máli Ireneusz Gluchowski og lýst er hér í blaði Eflingar. Það er einnig mjög alvarlegt að það skuli geta gerst að maður liggi meðvitundarlaus á sjúkrahúsi vikum saman án þess að haft sé samband við lögreglu, Vinnueftirlit og Vinnumálastofnun. Þá blasir við að þessar stofnanir áttu strax og málið kom til þeirra að láta rannsaka það m.a. til þess að tryggja að öllum málsatvikum væri haldið til haga. Ef um sýkingarhættu var að ræða hefði mátt ætla að fleiri einstaklingar gætu verið í hættu, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar-stéttarfélags.

Það veldur áhyggjum að þegar mál þetta er upplýst opinberlega að vísu sex mánuðum of seint og í ljósi þess hversu afleiðingarnar eru stófelldar skuli Vinnueftirlitið ekki bregðast við heldur gefa út yfirlýsingu að óathuguðu máli um að þarna hafi ekki átt sér stað slys.

Þrátt fyrir að Ireneusz hafi lent í mjög alvarlegum sjúkleika sem líklega stafar



Þrátt fyrir að Ireneusz hafi lent í mjög alvarlegum sjúkleika sem líklega stafar af vinnuslysi hefur enn þá engin skýrsla verið tekin af honum svo vitað sé

af vinnuslysi hefur ennþá hálfu ári eftir atvikið, engin skýrsla verið tekin af honum svo vitað sé.

Það veldur áhyggjum þegar Vinnumálastofnun er upplýst um að atvinnurekandi hefur brotið öll lög um atvinnu-

leyfi útlendinga skuli stofnunin ekki kæra málið samstundis til lögreglu og fram fari rannsókn á því hvort þetta hafi verið einstakt tilvik eða hvort aðrir starfsmenn fyrirtækisins unnu eða vinna við sömu aðstæður.

Þá er það stórt áhyggjuefni að fyrirtæki sem þekkja til allra reglna á íslenskum vinnumarkaði skuli brjóta lög á alla kanta. Fyrst með því að afla ekki tilskilinna leyfa bæði hvað varðar atvinnuleyfi og ekki síður að hafa starfsmenn ótrygga í vinnu. Síðan með því tilkynna ekki um málið til neinna þar til bærra yfirvalda eins og þeim bar sannanlega skylda til, hvort sem maðurinn hafði atvinnuleyfi eða ekki.

Við hljótum að spyrja hvort þetta mál hafi þróast eins og raun bar vitni vegna þess að útlendingur var hér án atvinnuleysis. Við hljótum að svara því neitandi.

Það er ljóst að kerfið virkaði ekki. Af þessu þurfum við að læra og taka upp betri starfshætti og tryggja að svona mál komi ekki upp aftur.

Jarðvélar viðurkenna mistök

Fyrirtækið Jarðvélar ehf. hefur falið Ragnari Árnasyni, lögfræðingi SA, að svara til um málið fyrir hönd þess. Í greinargerð sem Ragnari hefur unnið vegna máls Ireneusz Gluchowski kemur meðal annars fram að fyrirtækið hafi gert mistök. „Jarðvélar viðurkenna að mistök voru gerð við ráðningu hans og að ganga hefði átt eftir staðfestingu á atvinnuleyfi frá Vinnumálastofnun. Stóð fyrirtækið í þeirri trú að einstaklingur með íslenska kennitölu væri fullgildur á íslenskum vinnumarkaði.“

Forsvarsmenn Jarðvéla segja að hvorki þeir né starfsmenn fyrirtækisins hafi nokkra hugmynd um það hvernig Ireneusz fékk blóðeitrun, en vitnisburður hafi komið fram um að hann hafi hruflað sig á fingri. „Hann hafi bundið um fingur sér með límbandi

og haldið áfram að vinna. Starfsmaðurinn þekkti hins vegar ekki ástæður þess að Ireneusz hruflaði sig og getur ekki staðfest hvenær það gerðist. Verkstjóra var ókunnugt um það atvik.“

Ireneusz var að sögn lögfræðings Jarðvéla orðinn veikur að morgni föstudagsins 24. júní, en ekki fárveikur. „Hann var þá ekki illa haldinn og fyrir kvöldmat lék hann sér við syni verkstjórans sem þar voru staddir. Allir starfsmenn fóru í bæinn að kvöldi og var ekki hægt að sjá að Ireneusz væri alvarlega veikur. Ekkert heyrðist frekar frá honum og taldi fyrirtækið að hann hefði hætt störfum. Öll áunnin laun voru þá greidd inn á bankareikning hans auk þess sem greitt var iðgjald til Lífeyrissjóðsins Framsýnar og félagsgjald sent Eflingu stéttarfélagi.“

Fyrirtækið staðfestir að áður en Ireneusz veiktist hafi hann unnið í Hvalfirði við að setja niður undirstöður fyrir raflínumöstur vegna Sultartangalínu 3 og festa bergbolta og setja saman íbúðagáma fyrir starfsmenn. Ekkert komi þó fram um að hann hafi orðið fyrir vinnuslysi hjá fyrirtækinu við þá vinnu. Þá tekur lögfræðingurinn fram að hvorki Ireneusz né aðrir starfsmenn hafi unnið með efni sem telja verði skaðleg.

Forsvarsmönnum Jarðvéla telja mikilvægt að kannað verði til hlítar hvort ástand Ireneuszar megi á einhvern hátt rekja til starfa hans hjá Jarðvélu. Hefur fyrirtækið m.a. lagt áherslu á við Vinnueftirlit ríkisins að málið verði rannsakað.



Hverjir fara í Leonardóferðir?

Alltaf spennandi að sjá niðurstöður

- segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Hulda Anna Arnljótsdóttir fer yfir umsóknir

Á undanförunum árum hefur skapast mikið samstarf Eflingar við ýmis fyrirtæki um þátttöku í Leonardó manna-skiptaáætlun Evrópusambandsins. Nú í febrúar lauk umsóknarfresti fyrir nýja hópa að sækja um í Leonardó og hefur verið leitað eftir samstarfsaðilum undanfarna mánuði. Þeir sem sýndu því áhuga voru svo boðaðir á fund hjá Eflingu-stéttarfélagi í janúar og málin rædd og verkefnin undirbúin. Viðkomandi vinnustaðir útveguðu sér síðan tengiliði í Evrópu og var þá í framhaldinu unnin viðmikil umsókn með markmiðslýsingum fyrir hvern hóp fyrir sig.

Hulda Anna Arnljótsdóttir sem er nýkomin til starfa hjá Mími-símenntun vann umsóknina fyrir Eflingu-stéttarfélag í náinni samvinnu og samráði við félagið. Nú í ár er sótt um fyrir átta vinnustaði en þegar svar kemur við umsókninni verður ljóst hvað hver vinnustaður getur sent marga í náms- og kynnisferð í framhaldinu.

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir sem hefur annast allan undirbúning af hálfu

Eflingar segir að mikil vinna liggi að baki slíkri umsókn við að ná saman þátttakendum og fá samstarfsaðila á erlendum vettvangi. Þetta er í þriðja sinn sem

Efling tekur þátt í þessum ferli. Við erum komin með nokkra reynslu á þessu sviði en það er alltaf jafn spennandi að sjá hver niðurstaðan verður, segir hún.



Karl Ó. Karlsson



Atli Gíslason

Efling-stéttarfélag

Viðtalstímar lögmanna

Minnt er á viðtalstíma lögfræðinga félagsins. Lögfræðingar frá Lögfræðiskrifstofu Atla Gíslasonar, þ.e. Atli Gíslason eða Karl Ó. Karlsson eru

til viðtals á skrifstofum Eflingar á hverjum þriðjudegi frá kl. 13.00 - 16.00.

Verkefni Eflingar með Hjálparstarfi kirkjunnar á Indlandi



Fjöldi leiðtoga í þremur stéttarfélögum sat námskeið til þess að efla baráttu stéttlausa á Indlandi fyrir réttindum sínum. Efling greiddi kostnað við námskeiðið sem samstarfsaðilar Hjálparstarfs kirkjunnar á Indlandi stýrðu

Social Action Movement samtökin hafa helgað sig réttindabaráttu stéttlausa sem eru Dalítar, Írúlar-, Tribal-fólks og fleiri. Þeim er mismunað á öllum sviðum mannlífs og samfélags og það hefur tíðkast samkvæmt trúarhefð um allar aldir. SAM hefur unnið að mannréttindum þeirra í um tvo áratugi.

SAM hefur hvatt til og unnið að því að stofna félög verkafólks úr hópi stéttlausa. Markmiðið er að auka mannréttindi þeirra, virðingu meðal samborgara og styrkja afkomu þeirra og þar með sjálfstæði og frelsi undan oki stéttkerfisins. Nú starfa fjögur slík stéttarfélög sem unnið er með til þess að efla leiðtoga þeirra. Verkefni SAM er að útrýma stéttamismun og skapa samfélag án ánauðar.

Hér að neðan má sjá hvernig eitt verkefni SAM sem kostað er af Eflingu á þessu ári fer fram.

Verkefni SAM er að útrýma stéttamismun og skapa samfélag án ánauðar

Dæmi um verkefni í janúar 2006

1. Leiðtogaþjálfun

Dags.: 30.-31. janúar 2006

Staður: Legal Resources for Social Action (LRS), Chengelpet

Stéttarfélög sem tóku þátt:

Félag Írúla-fólks: 26 leiðtogar

Félag þvottafólks: 13 leiðtogar

Félag kvenna: 11 leiðtogar

Starfsfólk SAM: 7

Fyrirlesarar / leiðbeinendur: 3

Samtals 60 manns.

Viðfangsefni: Að styrkja starfsemi félaganna og sjálfsbjargarmöguleika aðilanna.

Markmið:

- Að fræða, þjálfa og hvetja leiðtogana til starfa.
- Laða fram og skerpa leiðtogahæfileika og auka skilning á þjóðfélagsskipan á Indlandi.
- Að efla skilning á lögum um mannréttindi og fræða um ný lög um rétt fólks til upplýsinga.

Dagskrá 30. janúar 2006

Morgunn

G. Karunakaran og forseti SAM settu námskeiðið. Talað var um mikilvægi einingar í stéttarfélaginu, nauðsyn þess að gera áætlanir og að sjá til þess að allir vinni það verk innan heildarinnar sem ákveðið hefur verið. Allir þátttakendur kynntu sig og ýtti það undir skoðanaskipti.

Fyrsti leiðbeinandinn var Yakkan, rithöfundur og blaðamaður (Dalíti). Hann sagði stéttlausa ekki eiga sér

neina framtíð í samfélagi hindúa því stéttaskiptingin væri órjúfanlegur hluti þess. Hann sagði að góður ásetningur og aðgerðir stjórnvalda hefðu ekki náð til Dalíta vegna þess að þeir sem eiga að framkvæma þær séu hluti stéttakerfisins. Til þess að brjótast út úr ramma stéttaskiptingarinnar þurfi fólk að skilja samfélagsgerðina og greina leiðir til að losna út úr stéttleysinu. Hann sagði það mögulegt með því að skapa sér atvinnu sjálfur og vera þannig sem minnst háður æðri stéttum. Stéttlausir þyrftu að mótmæla því grófa ofbeldi sem þeir verða fyrir og verða eins sjálfstæðir og þeir gætu í gegnum menntun og fleira.

Eftir hádegi

Vinnan hófst með nokkrum baráttusöngvum. R. Ramaprabu leiddi seinni hlutann, talaði um menntun og ábyrgð leiðtoga. Hann lýsti vel þróuninni í indversku menntakerfi og hvernig opinbert skólahald hafi aldrei náð til stéttlausra. Hann lýsti möguleikum sem leiðtogar gætu nýtt til þess að efla næstu kynslóðar stéttlausra.



Leiðtogarnir fengu þjálfun og hvatningu, skiptust á skoðunum og tóku ákvarðanir um aðgerðir á námskeiði sem Efling kostaði í gegnum Hjálparstarf kirkjunnar

Kvöld

Dayalan fjallaði um ýmsa leiðtoga Dalíta í sögulegu samhengi einkum Rettamalai Srinivasan og Dr. Ambedkar (innsk. Jón Sigurðsson þeirra Dalíta). Um leið gaf hann viðstöddum fyrirmyndir til þess að efla skilning þeirra á baráttunni.

Hópnum var svo skipt í þrennt og ræddu leiðtogarnir um aðstæður hver

á sínu heimasvæði. Skiptust þeir á skoðunum og ræddu um hvernig þeir gætu stuðlað að því að koma af stað skólastarfi fyrir börn. Teknar voru ákvarðanir sem greint er frá síðar.

Sýndar voru tvær stuttmyndir The Untouchable Country og Shit sem fjallar um stéttlausa sem vinna við að handhreinsa kamra og skít.

Vinir í Eflingu

Hljýjar kveðjur frá Indlandi

Efling-stéttarfélag fær hlýjar kveðjur frá Mannréttindasamtökunum Social Action Movement á Suður Indlandi. Kveðjan kemur frá Fr.P.B Martin sem er einn helsti forsvarsmaður hreyfingarinnar. Efling-stéttarfélag tók á síðasta ári ákvörðun um að styðja samtökin með fjárstyrk sem notaður verður til að efla leiðtogaþjálfun, námskeiðahald og fleiri framfaramál fyrir stéttlausa og fátækt fólk á Indlandi. Bréf hans er svohljóðandi:

Vinir í Eflingu,

Sendum ykkur kveðjur frá Mannréttindasamtökunum Social Action Movement á Suður-Indlandi.

Við þökkum hjartanlega rausnarlegan stuðning við áætlun okkar um að styðja stéttlausa verkamenn í Kanchipuram-héraði í Tamil Nadu-fylki, Suður-Indlandi.

Í janúar 2006 stóðu samtökin fyrir:

1. leiðtogaþjálfun fyrir leiðtoga þriggja stéttarféлага undir hatti samtakanna.
2. Námskeiðum, aukakennslu fyrir stéttlausa og aðra fátæka nemendur til þess að þau stæðu betur að vígi í samræmdum prófum og ættu meiri möguleika á að komast áfram í námi eða fá góða vinnu.



Við höfum tekið saman skýrslu um þessi tvö verkefni.

Eitt verkefni til viðbótar er ráðgert í janúar. Snýst það um að greiða aðildargjöld fyrir 150 stéttlausa, ófélagsbundna verkamenn í opinberan tryggingasjóð. Ekki tókst að ljúka því í janúar en því verður lokið í febrúar.

Einlegar þakkir,
Fr. P.B. Martin

Heildarlausnir

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

A góðum járnnum



HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



Árin okkar skemmtileg

Nota bæði vatnsliti og olíu

- segir Erla Kristjánsdóttir

Ég fór í Myndlistarskóla Reykjavíkur í lok sjöunda áratugar síðustu aldar og ætlaði að læra að mála. En kennaranum fannst ég ekki vera nógu góð í teikningu og vildi endilega að ég færi í hlutateikningu líka. Þá varð eiginlega sjálfgefið að ég hætti í skólanum, vegna þess að ég hafði ekki tók á því að vera í tveimur greinum samtímis, segir Erla Kristjánsdóttir sem sýnir nokkrar myndir eftir sig í matsal og á göngum í Norðurbrún 1.

Erla segir að þegar hún og eiginmaður hennar Bjarni Steingrímsson, múrari fluttu í þjónustufbúð í Norðurbrún hafi komið í ljós að myndlistarnámskeið var

Að sögn Erlu er aðal tilgangurinn með sýningunni að koma myndunum á góðan stað, vegna þess að eini staðurinn sem hún hafi til umráða sé undir rúminu sínu og það sé ekki hentugur staður til að geyma þær

meðal fjölmargra námskeiða sem íbúum var boðið uppá og hún hafi ákveðið að taka upp þráðinn aftur og læra að mála.

Þetta var fyrir fjórum árum og allar myndirnar sem hanga á veggjunum eru

málaðar á þeim tíma.

Ég nota bæði vatnsliti og olíu og flestar myndirnar eru af landslagi og svo eru líka nokkrar dýralífsmyndir og myndir af uppstillingum s.s. ávöxtum.

Að sögn Erlu er aðaltilgangurinn með sýningunni að koma myndunum á góðan stað, vegna þess að eini staðurinn sem hún hafi til umráða sé undir rúminu sínu og það sé ekki hentugur staður til að geyma þær.

Íbúarnir og starfsfólkið hafa tekið þessu uppátæki vel og ég hef ekki orðið vör við annað en að þeim þyki gaman að skoða myndirnar, sagði Erla og brosti.

Góðar vörur, góð þjónusta, sanngjarnnt verð!



Dalvegi 4 • Sími 564 4700
Kópavogi

Opið: Mánud.-föstud. 06:00 - 18:00
Laug. 07:00 - 17:00 Sunn. 08:00-17:00

Hamraborg 14 • Sími 554 4200
Kópavogi

Opið: Mánud-laugard. 08:00 - 18:00
Laug. 08:00-16:00 Sunn. 09:00-16:00



Tryggvi Þór Aðalsteinsson
skrifar frá Svíþjóð

Vaxhólmsmálið

Deilt um grundvallarrétt

Prófsteinninn í samskiptum á vinnumarkaði í Evrópu

Réttindi og staða stéttarféлага er enginn sjálfsagður hlutur. Réttindin þarf stöðugt að verja og treysta. Það hefur komið skýrt í ljós í svo kölluðu Vaxhólmsmáli hér í Svíþjóð, en þar er tekist á um gildi samningsréttar sænskra stéttarféлага. Um er að ræða annars vegar rétt Samtaka byggingamanna, Byggnads, að semja um kjör starfsmanna erlends fyrirtækis og hins vegar túlkun á reglum Evrópusambandsins, ESB, um rétt fyrirtækja frá einu ESB-landi að starfa í öðru landi innan sambandsins með starfsfólki frá eigin landi og samkvæmt samningum sem gilda í heimalandinu. Þetta segir Tryggvi Þór Aðalsteinsson í pistli frá Svíþjóð.

Samtök byggingamanna halda því fram að fyrirtækið, sem í þessu tilviki er litháíska byggingafyrirtækið Laval, sé skylt að skrifa undir samning við Byggnads sem sé sambærilegur við aðra samninga byggingamanna í Svíþjóð. Að öðrum kosti sé fyrirtækinu óheimilt að starfa í landinu. Byggnads leggur áherslu á að sambandið er ekki á móti því að

erlend fyrirtæki með eigið starfsfólk taki að sér verk í Svíþjóð. Eina skilyrðið er að kjör og réttindi starfsmanna séu ekki lakari en innlendra byggingamanna og að það sé tryggt með samningi á milli viðkomandi fyrirtækis og sænsk stéttarfélags.

Forráðamenn og lögmenn Laval halda því hins vegar fram, að ESB-samþykktin um frelsi atvinnurekenda að starfa innan Evrópusambandsins, tryggi þeim rétt til að starfa í Svíþjóð rétt eins og í Litháen og samkvæmt þeim samningum sem fyrirtækið hefur gert við viðkomandi stéttarfélag þar í landi eða við starfsmennina sjálfa. Ef svo væri er ljóst að erlendir starfsmenn, meðal annars frá Austur-Evrópu, gætu starfað í Svíþjóð á mun lægri launum og lakari kjörum en tíðkast og sænskir samningar kveða á um.

Leitað til Félagsdóms

Verkefni litháíska fyrirtækisins var viðbygging við skóla í bænum Vaxhólmi, skammt frá Stokkhólmi. Fyrirtækið skrifaði undir verksamning við fulltrúa bæjarins og tók til starfa í

september 2004. Þrátt fyrir ítrekaðar viðræður tókust ekki samningar á milli Byggnads og fyrirtækisins. Byggnads tók ákvörðun um verkþann á fyrirtækið sem brást við með því að gera samning við samtök byggingamanna í Litháen, sem gildi eingöngu um starfsmenn sem störfuðu utan Litháen og óháð því hvort þeir væru félagsbundnir í stéttarfélagi eða ekki. Í samningnum var þar að auki ákvæði um að fyrirtækinu væri óheimilt að semja við önnur stéttarsamtök. Jafnframt tilkynnti fyrirtækið Byggnads að það liti á boðað verkþann sem ólöglegt.

Laval snéri sér auk þess til Félagsdóms í Svíþjóð með kröfu um að dómurinn úrskurði verkþannið ólöglegt og í andstöðu við reglur Evrópusambandsins. Félagsdómur hafnaði því að stöðva verkþannið og felldi engan úrskurð um hvort aðgerðirnar stríddu gegn reglum ESB eða ekki. Þá snéri Laval sér til Hæstaréttar og fór fram á að ákvörðun Félagsdóms yrði lýst ógild. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að Félagsdómur hafi ekki brotið gegn lögum og að aðgerðir samtaka byggingamanna væru í fullu samræmi við sænsk lög. Í lok nóvember 2004 boðuðu samtök sænskra rafiðnaðarmanna til samúðaradgerða. Fleiri stéttarsambönd innan Sænska alþýðusambandsins fylgdu í kjölfarið og lýstu yfir stuðningi við félaga sína í Byggnads.

Um svipað leyti höfðu litháísk stjórnvöld samband við sænsku ríkisstjórnina og kvörtuðu undan því að litháískt fyrirtæki væri hindrað í að starfa í Svíþjóð. Málið var nú komið á hæsta stig og innan Evrópusambandsins var fylgst af athygli með því hvernig málin þróuðust.

Samkvæmt nýlegri skoðanakönnun telja átta af tíu Svíum að erlendum fyrirtækjum beri að fylgja sænskum lögum og samningum og styðja þar með þá skoðun að í þessu sambandi beri að túlka innlenda kjarasamninga stéttarféлага rétt hærra en samþykktir Evrópusambandsins.

Í febrúar 2005 hvarf fyrirtækið frá Vaxhólmi en litháísku starfsmennirnir voru þá farnir heim fyrir nokkru. Verkbannið, sem hafði staðið í 101 dag, var aflýst.

Grundvallaatriði vinnuréttar

En deilan var ekki úr sögunni. Málið er enn í höndum Félagsdóms og ekki búist við að endanlegur úrskurður fáiist fyrr en um mitt ár 2007. Félagsdómur vill fyrst fá álit dómstóls Evrópusambandsins.

Auk þess eru ýmsir aðilar í Svíþjóð kallaðir til og óskað eftir álitum þeirra. Þar á meðal ríkisstjórn Svíþjóðar. Samhliða því halda umræður áfram á síðum dagblaða og í öðrum fjölmiðlum. Málið snýst um grundvallaratriði í sænskum vinnurétti og afgerandi þátt í samskiptum atvinnurekenda og stéttarféлага. Málið er af pólitískum toga og meðal stjórnámálanna eru glögg skil á milli vinstri og hægri. Á hægri kantinum eru þeir sem gjarnan vilja hnekkja stöðu stéttarfélaganna og veikja réttindi þeirra.

Nýlega vakti það athygli þegar í ljós kom að samtök sænskra atvinnurekenda höfðu borið allan lögfræðikostnað Laval við málsóknina gegn Byggnads. Ríkisstjórn jafnaðarmanna, með atvinnu-málaráðherrann Hans Karlsson í broddi fylkingar, styður hins vegar Byggnads og stendur þar með að baki verkalyðshreyfingunni hvað varðar samnings- og verkfallsréttinn. Hans Karlsson hefur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar skilað álit í deilunni og þar kemur skýrt fram að réttur stéttarféлага til aðgerða til að knýja á um samninga er á engan hátt

í andstöðu við reglur Evrópusambandsins. Hans Karlsson leggur áherslu á að verkfallsrétturinn er meðal grundvallar-réttinda í þjóðfélaginu. Rétturinn er auk þess tryggður í samþykktum Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar, ILO, Mann-réttindasáttmála Evrópu, samþykktum Evrópusambandsins og í sænsku stjórnarskránni. Samkvæmt samþykktum ESB eru þau mál sem snerta félags- og vinnu-markaðsmál í höndum þjóðþinga aðildarlandanna og geta verið með mismunandi hætti í ólíkum löndum. Hins vegar eiga allir í sama landi, bæði einstaklingar og fyrirtæki, að búa við sömu réttindi og skyldur. Réttur stéttarféлага til samninga og aðgerða á vinnumarkaði er mikilvæg leið til að tryggja stéttarfélögum möguleika að vinna að jafnrétti einstaklinga og hópa. Jafnrétti sem Evrópusambandið krefur af aðildarríkjum sínum.

Sérfræðingar á annarri skoðun en stjórnvöld

Afstaða ríkisstjórnarinnar er umdeild. Sérfræðingar í vinnurétti hafa látið þá skoðun í ljós, að ef sænskur samningsréttur er túlkaður í vil stéttarfélagunum,



mismuni það erlendum fyrirtækjum og sé í andstöðu við reglur ESB um frelsi fyrirtækja og einstaklinga til starfa í löndum sambandsins. Ennfremur telja þeir hæpið að sænsk stéttarfélög geti með hótunum krafist erlent fyrirtæki til að skrifa undir samninga samtímis sem fyrirtækið er aðili að samningi við stéttarfélag í sínu heimalandi. Í Svíþjóð er stéttarfélagi ekki heimilt að gera samning við fyrirtæki svo lengi sem annar samningur er í gildi, sem nær til sömu vinnu.

Áfangasigur

Skoðun og sjónarmið sænsku verkalyðshreyfingarinnar og ríkisstjórnarinnar fékk fyrir skömmu stuðning Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins þegar stjórnin skilaði álit sínu í sambandi við Vaxhólmsdeiluna. Stjórnin sér engar grundvallarandstæður á milli sænsks vinnuréttar og samþykktar ESB um frjálsa atvinnustarfsemi innan sambandsins. Þetta álit er tvímælalaust áfangasigur fyrir sænska byggingamenn og sænska verkalyðshreyfingu.



KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN



keila **gæsapartý** **einkasamkvæmi**
leiktæki **leiga á húsi f/einkasamkvæmi**
diskókeila **fyrirtækjapartý**
pool **hádegismatur** **beinar útsendingar**
golfhermir **karokee**
kvöldmatur **barnaafmæli**
steggjapartý

Opnunartími:

Sunnudaga - Fimmtudaga:

11:00 - 24:00

Föstudaga - Laugardaga:

11:00-02:00

Keiluhöllin ehf. • Flugvallarvegi • Sími 511 5300 • Fax 511 5301 • www.keiluhollin.is • www.golfhermir.is





Morgunverðarfundir Eflingar

Viljum orlofshús áfram

-segja þátttakendur

Við viljum áfram hafa orlofshús og orlofsíbúðir í boði frá Eflingu, segja þátttakendur á morgunverðarfundum Eflingar og fyrirtækisins GCG sem haldnir hafa verið með félagsmönnum Eflingar á síðustu vikum. Þetta sjónarmið staðfestir viðhorf sem margoft hefur komið fram í Gallup könnunum Eflingar. Það er hverfandi sjónarmið í félaginu að leggja beri minni eða enga áherslu á orlofsþáttinn. Sérstök ánægja kemur fram með íbúðina sem verið hefur til leigu í Kaupmannahöfn í heilt ár en ákveðið hefur verið að taka aðra íbúð þar á leigu til að mæta eftirspurninni.

Efling-stéttarfélag hefur margoft spurt þeirrar spurningar í könnunum hve mikla áherslu félagsmenn vilja leggja á orlofsþáttinn í starfsemi félagsins. Það sjónarmið hefur komið fram í starfi stéttarfélaganna hér á landi að draga beri úr

Þátttakendur á fundum hjá Eflingu fá hrósið fyrir öflugt félagslegt viðhorf

þeirri áherslu sem verið hefur á þessum þætti. En svo er engan veginn í Eflingu. Fram kom í umræðum á fundunum að þátttakendur voru einum rómi um mikilvægi þessa þáttar og virðist engu skipta hvort þeir eigi sumarhús sjálfir eða eigi aðgang að þessum möguleikum í gegnum fjölskyldu eða vini. Þeir sem eiga slíka möguleika virðast jafnákveðnir í því að styðja við þennan þátt og hinir sem nýta bústaðina mikið.

Þetta öfluga félagslega viðhorf þátttakenda hefur vakið athygli stjórnenda fundanna en félagsmenn hafa viðrað viðhorf eins og eftirfarandi: Ef við viljum

ekki styðja við orlofsþáttinn því við nýtum hann kannski ekki tímabundið, ætti þá ekki sama að gilda um viðhorfið til sjúkrasjóðsins. Af því við höfum ekki slasast í vinnunni eða verðum aldrei eða sjaldan veik, eigum við þá ekki bara að hætta með sjúkrasjóðinn, spyrja þessir sömu þátttakendur.

Sem sé það þýðir ekki að bjóða félagsmönnum Eflingar upp á einstaklingsbundin og eigingjörn viðhorf. Þeir eru tilbúnir að styðja félagslega þætti í starfi Eflingar þó að þeir njóti ekki endilega góðs af þeim sjálfir. Ef eitthvað er vilja þeir efla fjölbreytni í þessum þáttum og bjóða upp á meiri þjónustu í innlendum og erlendum tilboðum og fleiri möguleikum varðandi orlofsávisanir og annað sem félagið býður upp á.

Þátttakendur á fundunum eiga hrósið fyrir óeigingjörn sjónarmið og öflugt félagslegt viðhorf.



Allt að 53.043 kr. endurgreiðsla

Skilvísir viðskiptavinir fjölskylduþjónustu SPRON hafa nú fengið endurgreiðslu vegna viðskipta ársins 2005. Endurgreiðslan nam allt að 53.043 krónum á fjölskyldu.

Þetta er aðeins hluti af ávinningnum af því að vera í fjölskylduþjónustu SPRON – og það besta er að þjónustan kostar ekkert.

Endurgreiðslan samanstendur af:

- hluta af greiddum vöxtum vegna íbúðalána, skuldabréfa, yfirdráttar eða víxla
- 50% af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar
- 5% af öllum tryggingaiðgjöldum hjá Verði Íslandstryggingu

Má bjóða þér að slást í hópinn og eiga kost á endurgreiðslu að ári?

Félagslegir ávinningar í kjölfar baráttu

Öld liðin frá stofnun Verkamannafélagsins Dagsbrúnar

eftir Gylfa Pál Hersi og Jóhannes T. Sigursveinsson



Verkamenn við hafnarframkvæmdir 1913-1917 við Batterisgarðinn sem í dag heitir Ingólfsgarður. Mölin var sótt í Skólavörðuholtið og steypan hræð í höndum. Þarna urðu verkfallsátök milli Dagsbrúnar og danskra verktaka árið 1913 og í kjölfarið var 10 stunda vinnudagur festur í sessi

Hinn 26. janúar síðastliðinn voru liðin eitt hundrað ár frá stofnun Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Félagið stóð í fylkingarbrjósti verkalyðshreyfingarinnar í baráttunni fyrir bættum kjörum og réttindum verkamanna. Það var ekki hvað síst baráttan um miðbik síðustu aldar sem leiddi til þess að ýmis mikilvæg félagsleg réttindi áunnust. Stundum er reynt að telja okkur trú um að slík réttindi og umbætur hafi komið af sjálfu sér og séu hluti af óhjákvæmilegri þróun, jafnvel fyrir sakir góðmennsku og framsýni atvinnurekenda. Sagan sýnir hið gagnstæða. Ekkert hefur verið fært vinnandi fólki á silfurfati, ekkert hefur fengist baráttulaust. Við sem skrifum þessa grein vorum lengi félagar í Verkamannafélaginu Dagsbrún og tókum virkan þátt í starfsemi félagsins okkar. Okkur finnst við hæfi að rifja upp nokkra þætti úr þessari baráttusögu.

Árni Jónsson, Holtsgötu 2, var tómthúsmaður en svo nefndust þeir menn sem höfðu lítil jarðarafnot og bjuggu í eða í grennd við verstöð. Árni var aðalhvatamaður ásamt öðrum verkamönnum að stofnun verkamannafélags í Reykjavík. Fyrsti undirbúningsfundurinn var haldinn í lok desember 1905 í pakkhúsi Jóns Magnússonar frá Skuld að Holtsgötu 16 sem nú er Vesturvallagata 6. Fundarmenn voru 36 talsins. Á fundinum var stofnun félagsins ákveðin og góðkunungi Árna, Sigurður Sigurðsson búnaðarráðunautur, flutti fyrirlestur „um verkamannasamtök í öðrum löndum og um þýðingu þess félagsskapar bæði fyrir þá og mannfélagið í heild sinni.“

Næsti undirbúningsfundur var haldinn í janúarbyrjun 1906 í samkomuhúsi Sjómannafélagsins Bárunnar, Bárubúð við Vonarstræti þar sem Ráð-

húsið stendur nú. Á fundinn mættu á þriðja hundrað manns og var samþykkt að félagið skyldi heita Verkamannafélagið Dagsbrún. Þarna var jafnframt gengið frá stofnskrá félagsins. Hún var undirrituð af 384 verkamönnum og voru mörg nöfn skrifuð með sömu hendi. Þeir teljast vera stofnendur Dagsbrúnar.

Merkileg stofnskrá

Stofnskráin hefur varðveist og sýnir glöggst hvert stofnfélagarnir vildu stefna: Reisa pólitískt sjálfsvarnarfélag; hamla á móti samkeppni milli verkafólks sjálfs um vinnuna, sem var spurningin um vinnutíma og lágmarkslaun. Atvinnurekendum átti hvorki að vera í sjálfsvald sett hvað greitt væri í kaup né hve langur vinnutíminn væri.

Atvinnurekendur samþykktu flestir lágmarkslaun en um vinnutíma gegndi öðru máli. Þau réttindi, líkt og ýmis



„Vér, sem ritum nöfn vor hér undir ákveðum hér með að stofna félag með oss, er vér nefnum: Verkamannafélagið Dagsbrún. Mark og mið þessa félags á að vera:

1. Að styrkja og efla hag og atvinnu félagsmanna.
2. Að koma á betra skipulagi að því er alla daglaunavinnu snertir.
3. Að takmarka vinnu á öllum sunnu- og helgidögum.
4. Að auka menningu og bróðurlegan samhug innan félagsins.
5. Að styrkja þá félagsmenn eftir megni, sem verða fyrir slysum eða öðrum óhöppum“.

önnur, komu seinna, í kjölfar átaka og verkfalla. Áunnin réttindi voru ekki komin til að vera því stöðugt þarf að verja þau. Leiðarljós félaganna var: Ein-

samall stendur verkamaðurinn aflvana gagnvart atvinnurekendum sem hafa tögl og hagldir í samfélaginu. Styrkur verkamannsins fælist í samstöðu þess mikla fjölda sem á sameiginlegra hagsmuna að gæta. Stofnfélagarnir vildu líka auka menningu og bróðurlegan samhug innan félagsins, efla hag og atvinnu félagsmanna og styrkja þá sem urðu fyrir óhöppum.

Stofnfundur Verkamannafélagsins Dagsbrúnar var svo haldinn í Bábubúð, 26. janúar 1906. Á fundinum var áður nefndur Sigurður Sigurðsson kjörinn formaður og gerðar voru samþykktir um kaupgjald og vinnutíma. A.m.k. 240 manns sóttu fundinn, sumir töldu 350 manns. Við árslok var félagatalan komin upp í 600 manns.

Fyrstu verkföllin í Reykjavík

Árið 1913 voru fyrstu verkföllin í Reykjavík háð. Það fyrra var gegn atvinnurekendum og stóð í þrjár vikur. Með því komst á 10 stunda vinnudagur og viðurkenning á Dagsbrún sem fullgildum samningsaðila. Vinnutími og laun voru ekki lengur einhliða yfirlýsing félagsins og geðþóttaákvörðun atvinnurekenda hvort eftir því væri farið, heldur samningsbundin atriði. Um vorið lýsti félagið svo aftur yfir verkfalli, í þetta sinn gegn dönskum verktökum vegna vinnu við hafnargerðina. Verktakarnir vildu lækka kaupið og hunsu ákvæðið um 10 stunda vinnudag. Brjóta átti á bak aftur sigurinn í verkfallinu frá því fyrr á árinu og brjóta niður verkalyðsfélagið. Meira en hálf öld var þá síðan verkalyðssambönd í útlöndum sameinuðust í herferð fyrir tíu stunda vinnudegi.

Tvö banaslys urðu við hafnargerðina,

Verkfall þetta einkenndist af hörku - skip og flugvélar voru ekki afgreidd og borgin varð eldsneytis- og mjólkurlaus

annað í grjótnámi í Eskihlíð og hitt við hleðslu hafnargarðanna. Verkfallið var ekki hvað síst háð vegna mikils vinnuálags og stóð það í tvo mánuði. Mikilvægur sigur vannst, kauplækkunartilraunin var hrundið, 10 tíma vinnudagurinn festur í sessi og það sem hvað mikilvægast var, verkalyðsfélagið styrkti stöðu sína meðal verkamanna. Félagar í því hlutu sína eldskír og voru tilbúnari en áður til þess að takast á við ný verkefni, aðrir drógu lærdóma af atburðunum. Næst voru háð verkföll árið 1921 og fram að setningu Vinnulöggjafarinnar 1938 greip Dagsbrún að minnsta kosti tuttugu sinnum til ýmissa skyndiaðgerða, m.a. margra samúðarverkafalla.

Verkalyðssamtökin knúðu fram lög um vinnutíma á togurum - Vökulögin - árið 1921. Að frumkvæði Dagsbrúnar fór fyrsta kröfuganga verkafólks á Íslandi fram í Reykjavík 1. maí 1923; á hinum alþjóðlega baráttudegi verkafólks. Í göngunni tóku um eða yfir fimmhundrað manns þátt, en dagurinn var vinnudagur, og þrjú til fjögur þúsund voru á útifundinum.

Meðal krafna dagsins voru auk kröfunnar um styttingu vinnuvikunnar: „Engar kjallarakompur!“ og „Holla mannabústaði!“ Lög um verkamannabústaði voru svo sett árið 1929 og voru fyrstu íbúðirnar tilbúnar um mitt ár 1932.



Útifundur við Gúttó 7. júlí 1932 samtímis borgarstjórnarfundir í húsinu. Horft er til suðurs í átt til Tjarnarinnar. Á vinstri hönd eru Þórshamar en útifundur var á tröppum hússins og lönd fjær. Gúttó er til hægri á myndinni. Þarna urðu mikil átök eftir að borgarstjórnin lýsti því yfir að engin úrræði væru til atvinnubóta. Skömmu síðar komst á atvinnubótavinna fyrir 100 manns.



Dagsbrún samþykkti uppskipunarbann í Sundahöfn til stuðnings baráttu blökkumanna í Suður-Afríku

Árið 1930 ákvað Dagsbrún að undangenginni allsherjaratkvæðagreiðslu að krefjast styttingar vinnudagsins í 9 stundir. Um veturinn var mikil næturvinna við höfnina og höfðu nokkrir verkamenn fengið lungnabólgu við afgreiðslu togara og sumir látist. Fyrst var samþykkt að banna alla næturvinnu eftir klukkan 10 á kvöldin frá 18. mars til 18. maí. Stytting vinnudagsins tók svo gildi 14. maí samkvæmt einhliða ákvörðun Dagsbrúnar.

Gúttóslagurinn

Einn alvarlegasti klofningurinn innan raða verkafólks er milli þeirra sem hafa atvinnu þá stundina og hinna sem hafa enga. Í Gúttóslagnum 9. nóvember 1932 tókst að yfirstíga þennan klofning. Mikið atvinnuleysi ríkti og ákvað meirihluti Sjálfstæðisflokksins í bjarstjórn Reykjavíkur að lækka tímakaup í atvinnubótavinnu úr 1, 36 krónum í 1 krónu á fundi sínum 3. nóvember það ár. Hér var á ferðinni tilraun til almennrar kauplækkunar, en atvinnurekendur höfðu fyrr á árinu sett fram kröfu þar að lútandi gagnvart Dagsbrún. Félagið hélt fund í lðnó daginn eftir þar sem aðgerðir voru ákveðnar. Þann 5. nóvember var farin fjögurpúsund manna mótmælaga-ganga. Að lokum var fallist á að fresta kauplækkuninni fram yfir aukafund bæjarstjórnar 9. nóvember. Sá fundur var haldinn í Góðtemplarahúsinu eða Gúttó eins og lágreist hús nefndist þá og stóð gegnt Þórshamri, þar eru nú bílastæði

alþingismanna suður af alþingishúsinu. Mikinn mannfjölda dreif að og þegar verkamenn kröfðu bæjarfulltrúana svara og hugðu á inngöngu á fundinn kom til átaka milli verkafólks annars vegar og lögreglu og hvítliða hins vegar. Þarna urðu einhver hörðustu stéttaátökin í sögu verkalyðshreyfingarinnar.

Fundur bæjarstjórnar leystist upp og morguninn eftir hvarf bæjarstjórnin frá frekari áformum um kauplækkarnir. Í kjölfarið sýndi dómssvaldið hvaðan í þjóðfélaginu það sækir vald sitt og dæmdi yfir 20 manns í eins til sex mánaða fangelsi, alla nema þrjá óskilorðsbundna. Dómar þessir voru með réttu kallaðir stéttardómar. Vegna mikilla mótmæla fengu hinir dæmdu skilorðsbundna náðun. Um þessa atburði, Gúttóslaginn og stéttaátökin 1932, má lesa í samnefndri bók Ólafs R. Einarsson og Einar Karls Haraldssonar.

Vinnulöggjöfin lægði öldurnar

Vinnulöggjöf var sett árið 1938 og hefur gilt að miklu leyti allt til dagsins í dag. Segja má að hlutverk hennar hafi aðallega verið að lægja öldurnar. Lagabálkurinn takmarkaði baráttuleiðir verkalyðsfélaganna og því mótmæltu félögin. Á næstu tuttugu og fimm árum voru háð nokkur stórverkföll þar sem auk launahækkana náðist fram stytting vinnuvikunnar, orlofsréttur, fastráðningar, veikindafri og fleira.

Í aprílbyrjun 1939 voru sett bráðabirgðalög sem meðal annars lögbindingu

uðu kaupið og afnámu samningsrétt verkalyðsfélaganna í bili. Kaupbindingin gildi til ársloka 1940. Í janúarbyrjun 1941 fóru Dagsbrúnarmenn í vikuverkföll. Breska setuliðið sagði íslenskum verkamönnum upp og voru breskir hermenn látnir ganga í störf þeirra undir vopnavernd. Hermennirnir töldust verkfallsbrjótar, þótt sjálfir þekktu þeir ekki staðreyndir málsins. Því skrifuðu verkfallsmenn bréf sem var þýtt á ensku og dreift til hermanna. Forysta Dagsbrúnar var þessu andvíg enda hafði hún verið á móti verkfallinu. Bretar handtöku sex forystumanna Dagsbrúnar og fjórir þeirra fengu fangelsisdóma.

Í seinni heimsstyrjöldinni var efnahagsleg uppsveifla á Íslandi. Atvinnurekendur og ríkisstjórn reyndu að sporna gegn kaupkröfum og í upphafi árs 1942 voru sett lög; Gerðadómur um kaup og bann við verkföllum. Á þessum tíma var stjórn Dagsbrúnar skipuð sjálfstæðismönnum og var Héðinn Valdimarsson formaður. Í lok janúar 1942 féll Héðinn í formannskosningu fyrir Sigurði Guðnasyni sem gegndi formennsku í 12 ár samfellt. Þetta var í fyrsta sinn sem formaðurinn kom úr röðum verkamanna að Árna Jónssyni slepptum (1912 og 1914). Þetta fyrirkomulag var algengt í verkalyðsfélögum á þessum tíma, en atvinnurekendur ofsóttu gjarnan forystumenn verkafólks.

Sumarið 1942 voru mörg skæruverkföll. Dagsbrúnarfélagar voru þar í fararbroddi og hófu hafnarverkamenn hjá Eimskip hernaðinn snemmsumars. Aðrir hópar fylgdu í kjölfarið. Í ágúst afnam ríkisstjórnin gerðadómslögin og unnu verkalyðsfélögin gríðarlegar kjara-bætur (45% kauphækkun). Auk þess náðust mikilvægir félagslegir ávinningar. Meðal þeirra voru; Vinnudagurinn varð loks átta stundir, eftirvinnukaup (fyrstu tveir tímarnir eftir dagvinnu) var nú í fyrsta sinn ákveðið 50% herra en dagvinnukaup og nætur- og helgidagavinna 100% hærri; tólf daga orlof varð almenn regla (atvinnurekendur greiddu 4% af kaupi í orlof); og atvinnurekendur féllust á að greiða verkamönnum minnst hálfan dag ef vinna var hafin.

Leiðarljós félaganna var: Einsamall stendur verkamaðurinn aflvana gagnvart atvinnurekendum sem hafa tögl og hagdir í samfélaginu. Styrkur verkamannsins fælist í samstöðu þess mikla fjölda sem á sameiginlegra hagsmuna að gæta

Hrein hollusta

Hrein hollusta með háu hlutfalli af fjölbrotuðum fitusýrum og auðug af A- og D- vitaminum. Með viðbættu E-vitamini.

Þorskalýsi styrkir vöxt tanna og beina, hefur góð áhrif á sjónina og byggir upp viðnám gegn ýmsum kvillum. Það er auðugt af omega-3 fitusýrum og víða um heim fara fram miklar rannsóknir á áhrifum þeirra á ýmsa sjúkdóma, svo sem psoriasis, asthma, hjarta-, geð- og gigtarsjúkdóma. Niðurstöður rannsókna hafa verið mikla áhyggj og sýna að fitusýrur koma líkamnum til góða á mörgum viðum. Þær skýra hollustu lýsisins, sem löngum hefur verið kunn meðal blöndinga.





Félagsfundur Dagsbrúnar í Bíoborginni sem áður hét Austurbæjarbíó. Þar voru margir fjölmennir félagsfundir haldnir á níunda og fram á tíunda áratug síðustu aldar

Desemberverkfallið svokallaða var háð 1.-19. desember 1952. Það var eitt fjölmennasta og víðtækasta verkfall sem háð hefur verið hér á landi. Verkfall þetta einkenndist af hörku, skip og flugvélar voru ekki afgreidd og borgin varð eldsneytis- og mjólkurlaus. Meðal þess sem náðist fram voru verðlækkningar á nauðsynjavörum, auknar fjölskyldubætur, orlof lengdist í 15 virka daga (með 5% af launum) og atvinnurekendur skyldu greiða 4% af vinnulaunum í atvinnuleysistryggingarsjóð. Í kjölfarið settu ráðherrar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks, Bjarni Benediktsson og Hermann Jónasson fram hugmynd um stofnun íslensks hers í þeim tilgangi að brjóta niður verkföll.

Eftir sex vikna verkfall 1955 náði orlofið 18 virkum dögum (með 6% af launum) og atvinnuleysistryggingar urðu að veruleika árið eftir

Eftir sex vikna verkfall 1955 náði orlofið 18 virkum dögum (með 6% af launum) og atvinnuleysistryggingar urðu að veruleika árið eftir.

Í lok verkfalls 1961 samþykktu atvinnurekendur að greiða 1% af dagvinnukaupi í sjúkrasjóð stéttarfélaganna sem lagði grunn að öflugum sjúkratryggingum.

Þá féllust atvinnurekendur á að kaupa hlífðarfatnað fyrir verkafólk í óprifaleg störf og orlofsgreiðslur náðu nú til alls kaupsins.

Að loknu harðvítugu verkfalli 1965 var vinnuvikan styttn í 44 stundir og Eimskip féllst á að fastráða hafnarverkamenn en 40 stunda vinnuvika komst á með lögum frá Alþingi 1972.

Verkfallið 1965 leyddi einnig til samkomulags um uppbyggingu nýs hverfis,

Breiðholtshverfis, og þar með stórátaks til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis í borginni.

Stéttaátök og félagsmálapakkar

Síðari hluti aldarinnar hefur ekki einnig af jafnhörðum stéttaátökum og

hefur Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur í nýlegri grein nefnt árin 1964-1990, tímabil ríkistryggðra félagsmálapakka og árin 1990-1999 tímabil þjóðarsáttar.

Rétt er að geta sérstaklega Sólstöðusamninganna sem voru gerðir að loknu yfirvinnubanni og tveggja daga verkfalli sumarið 1977. Þá náðist góð kauphækkun og fjöldi mikilvægra réttinda, meðal annars á sviði öryggismála. Til dæmis var atvinnurekendum gert skylt að skaffa öryggisbúnað og voru sett ný lög um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, sem þóttu umtalsverð réttarbót. Á grundvelli þeirra standa lög um Vinnueftirlit ríkisins.

Nokkrum mánuðum eftir undirritun Sólstöðusamninganna rifti ríkisvaldið samningunum. Verkalyðshreyfingin brást við með áköfum mótmælum og útskipunarbanni á öllum vörum. Krafan var; Samningana í gildi. Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag tóku undir kröfuna. Í kosningum 1978 tapaði Sjálfstæðisflokkurinn meirihluta í Reykjavíkurborg og í þingskosningunum skömmu síðar töpuðu stjórnarflokkarnir fimm þingsætum hvor.

Gegn Apartheid

Á níunda áratugnum studdi Dagsbrún með ýmsu móti baráttuna gegn aðskilnaðarstefnunni, apartheid, í Suður-Afríku. Þannig samþykkti félagið uppskipunarbann á suður-afrískar vörur haustið 1985. Atvinnurekendur undu ekki við þá samþykkt og fóru með hana í Félagsdóm og fengu hnekkkt hálfu ári síðar á þeirri forsendu, að atvinnurekandinn mætti deila og drottna á vinnustað. Á Alþingi gengu samt sem áður í gildi lög, er bönnuðu innflutning á vörum frá Suður-Afríku í árslok 1988. Dagsbrún átti sinn þátt í að viðhalda banninu og framfylgja því.

Hér er látið staðar numið við að rekja baráttusögu Dagsbrúnarmanna. Þó

skiptar skoðanir séu um ágæti svonefndra þjóðarsáttarsamninga og áhrif þeirra á stöðu verkalýðshreyfingarinnar, verður það efni ekki tekið til umræðu hér.

Árið 1997 sameinaðist Dagsbrún Verkavennafélaginu Framsókn sem var stofnað 1914. Sameiningin var samþykkt í báðum félögum með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Aðskilnaður karla og kvenna í verkalýðsfélög hafði verið rofinn tuttugu árum áður og heyrði nú sögunni til. Í desember 1998 var Efling -stéttarfélag stofnað og tók það til starfa um áramótin 1999. Félagið varð til við sameiningu Dagsbrúnar & Framsóknar-stéttarfélags við Starfsmannafélagið Sókn og Félag starfsfólks í veitingahúsum. Félagið sameinaðist Íðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík

um áramótin 1999-2000.

Hér hefur m.a. verið stuðst við grein Eðvarðs Sigurðssonar: Stofnun Dagsbrúnar og kaupgjaldsbarátta í 50 ár, Verkamannafélagið Dagsbrún 50 ára; bók Gunnars M. Magnússonar: Ár og Dagar. Upptök og þróun alþýðusamtaka á Íslandi 1875-1934; bók Haralds Jóhannssonar: Pétur G. Guðmundsson og upphaf samtaka alþýðu; óbirt rit Þorleifs Friðrikssonar sagnfræðings um sögu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og ýmis skrif hans um sögu verkalýðshreyfingarinnar. Einnig er stuðst við viðtalsbækur Ómars Valdimarssonar við Guðmund J. Guðmundsson fyrrverandi formann Dagsbrúnar

Aldarafmæli Dagsbrúnar

Ráðstefna um sigra

- og framtíð verkalýðshreyfingarinnar



Verkamannafélagið Dagsbrún hefði orðið hundrað ára þann 26. janúar síðastliðinn ef félagið væri starfandi um þessar mundir en það sameinaðist öðrum stéttarfélögum á árunum 1997-2000. Á þessu ári hefur Bókasafn Dagsbrúnar starfað í hálfa öld. Efling-stéttarfélag og Reykjavíkúakademían sem nú hefur umsjón með Dagsbrúnarsafninu hafa tekið höndum saman um að halda veglega ráðstefnu í september næstkomandi til að minnst þessara merku tímamóta og horfa um leið inn í framtíðina.

Ráðstefnan verður haldin í Íðnó laugardaginn 23. september og stendur frá kl. 10.00 - 17.00. Á fyrri hluta ráðstefnunnar munu þekktir fræðimenn fjalla um helstu þætti baráttu launafólks á síðustu öld en á seinni hluta fundarins verður fjallað um samtímaatburði og stöðu velferðarkerfisins.

Að því loknu verður pallborðsumræða þar sem þekktir einstaklingar úr þjóðlíf-inu ræða spurninguna um framtíð hreyfingarinnar og grundvöll hennar undir yfirskriftinni Hvar stöndum við - Hvert stefnum við?



Danfoss tengigrindur fyrir hitakerfi



Sérhönnuð tengigrind fyrir íslenskar aðstæður

Vönduð vara úr ryðfríu efni

Áratuga reynsla stjórnþúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður

Auðveld • Örugg • Fyrirferðalítill

Danfoss hf

Skútuveg 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is

Aftur í nám - fyrir lesblinda



Þann 24. janúar sl. hófst námskeið um lesblindu í Gamla Stýrimannaskólanum við Öldugötu og er það í fimmta sinn sem slíkt námskeið er haldið. Mímir-símenntun sér um skipulagningu

námsins og er kennt í 95 kennslustundir. Fyrstu tvær vikurnar var sjálfstyrking á dagskrá, en svo tóku við einkatímar með Ron Davis ráðgjafa þar sem unnið er við að leiðrétta lesblinduna. Þegar

að þeim þætti lýkur hittist hópurinn aftur og hefst þá kennsla í íslensku og á tölvur.

Bind miklar vonir við námskeiðið


- segir Árni Garðar Jónsson

Árni Garðar Jónsson einn að þátttakendunum á námskeiðinu er félagi í Eflingu og vinnur í Krumbúðinni á Skólavörðustíg.

Hann segir að lesblindan hafi háð sér mikið í skólanum þegar hann var yngri.

Ég átti í erfiðleikum með að lesa og skrifa og gekk illa í stærðfræði. Þá átti ég líka erfitt með að einbeita mér í tímum þegar kennarinn var að skrifa á töfluna.

Síðan hefur lesblinda háð mér bæði í leik og starfi og ég hafði engin úrræði til



Christína Guðrún Grönkvist

Líst vel á framhaldið

Christína Guðrún Grönkvist vinnur við umönnun á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi og er í Eflingu. Hún segist hafa greinst með lesblindu þegar hún var 6 ára og hafi alltaf átt erfitt með nám. Mér var sagt frá þessu námskeiði í Ármúlaskóla þar sem ég er á læra til stúdents og var bent á að það gæti örugglega hjálpað mér mikið við námið. Ég ákvað að sækja um og eftir að hafa verið í sjálfstyrkingu í tvær vikur líst mér bara mjög vel á framhaldið, sagði Christína og brosti.

þess að takast á við hana. Svo var það fyrir stuttu síðan að mér var sagt frá því hvernig líf fólks hafði breyst mikið til batnaðar eftir að það hafði verið á svona námskeiði. Þá ákvað ég að sækja um næst þegar að það yrði auglýst og komst inn.

Árni segir að námskeiðið hafi staðið í tvær vikur og sá tími sé búinn að vera mjög skemmtilegur. Við byrjuðum á sjálfstyrkingu og svo er ég að fara í einkatíma með Ron Davis ráðgjafa í næstu viku. Að því loknu tekur við nám í íslensku og svo lærum við líka á tölvu. Ég bind miklar vonir við þetta námskeið og ef að mér gengur vel þá getur vel verið að maður haldi áfram og fari á fleiri námskeið, sagði Árni að lokum.



Veitingasvið

ný þjónusta hjá ISS Ísland ehf.



ISS Ísland ehf.
var valið
fyrirmyndarfyrirtæki
VR árið 2005

ISS Ísland tekur að sér rekstur á mötuneytum og kaffistofum í fyrirtækjum og aðra þjónustu því tengdu. Þessi þjónusta er sérsniðin að þörfum hvers viðskiptavinar.

Markmið okkar er að skapa notalegt andrúmsloft í matstofum þar sem gæði, þjónusta og hlýtt viðmót er haft að leiðarljósi.

Ræstingar

Veitingasvið

Eignaumsýsla

Skrifstofu
aðstoð



ISS Ísland • Ármúla 40 • 108 Reykjavík • Sími: 580 0600 • Fax: 580 0666
ISS Ísland • Strandgötu 1 • 600 Akureyri • Sími: 580 0600 • Fax: 462 7575

www.iss.is • sala@iss.is

Hvað segja starfsmenn borgarinnar - um launin???

Um síðustu mánaðarmót fengu félagsmenn Eflingar-stéttarfélags sem starfa hjá Reykjavíkurborg greidd laun samkvæmt nýgerðum kjarasamningi Eflingar við borgina. Af því tilefni heimsótti blaðið nokkra vinnustaði hjá borginni og spurði starfsmenn hvort að launahækkunin og aðrar greiðslur sem samið var um hefðu ekki skilað sér í launaumslögin.

Ragnheiður Clausen er leiðbeinandi á leikskólanum Rofabæ

Mjög ánægð



Ég er mjög ánægð með kjarasamningin fyrir leikskólastarfsmenn og mér leist ágætlega á upphæðina sem var í launaumslaginu mínu. Svo fæ ég vonandi meiri launahækkun þegar ég lýk námi í Leikskólabrúnni.

Bryndís Gísladóttir Skógarbæ

Umönnunarstörf metin lægra



Launabreytingarnar skiluðu sér í launaumslagið mitt. En það er langt frá því að ég sé sátt, vegna þess að laun starfsfólks í umönnun eru mun lægri en hjá öðrum starfshópum.

Dagmar Jóhannesdóttir, heimaþjónusta Norðurbrún

Kemur í ljós um næstu mánaðarmót

Ég kannast við að hafa fengið launahækkun og eingreiðslu og svo var samningurinn afturvirkur og það hækkaði upphæðina líka talsvert. En um næstu mánaðarmót verða engar aukagreiðslur og þá kemur betur í ljós hvað launin mín hafa hækkað mikið.



Ánægð með árangurinn

- segir Hrönn Bjarnþórsdóttir



Hrönn Bjarnþórsdóttir er skólaliði í Réttarholtsskóla og var í samninganefndinni.

Ég varð mjög ánægð þegar ég sá árangurinn af starfi samninganefndar Eflingar á launaseðlinum mínum. Launahækkunin sem ég fékk skiptir verulegu máli fyrir mig. Ég á son sem býr í Danmörku og núna sé ég m.a. fram á að geta heimsótt fjölskyldu hans mun oft.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0111-26-504700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101



Kolbrún Stefánsdóttir forstöðumaður Starfsafls á vinnustaðafundi hjá Lýsi hf, að fara yfir starfsmenntamálin

Vinnustaðaheimsóknir

Fræðslumálin á oddinn

Í viku hverri yfir vetrartímann eru skipulagðar heimsóknir af hálfu skrifstofu Eflingar á hina ýmsu vinnustaði félagsins. Stundum er verið að kjósa trúnaðarmann eða fara yfir ákvæði í kjarasamningum og til að leysa úr ágreiningsmálum. Þá hefur nokkuð verið farið á vinnustaði vegna verkefnisins „Einn réttur - ekkert svindl“ til að fylgjast með því að þeir fjölmörgu erlendu starfs-

mönnum sem hingað eru komnir fái rétt kaup og önnur kjör sem samningar og lög segja til um.

Þá eru oft boðaðir vinnustaðafundir eingöngu til að kynna starfsemi félagsins, réttindi félagsmanna t.d. í sjúkrasjóði og öðrum réttindum félagsmanna svo sem rétti varðandi úthlutun orlofs-húsa og fl. Þá er farið yfir réttindi fólks í lífeyrissjóðnum og gerð grein fyrir mikil-

vægi séreignasparnaðar.

Fræðslumálin eru oft fyrirferðamikil á þessum fundum og skýrt frá þeim margháttuðum möguleikum sem fólk hefur á námi á vegum félagsins og samstarfsaðilum þess. Í félaginu er fjölbreyttir kostir í námi og nokkrir fræðslusjóðir auk Starfsafls, starfsmennasjóði Flóans og SA sem Efling á aðild að og staðsett er í Sætúni 1.

**ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI
ÖLL ÖKURÉTTINDI**

Ný námskeið vikulega
www.et.is

**NÝ
ÖKUSKÓLINN**

SÍMI: 822 4502

Spennandi jarðlagnataekni



Sigurður Bessason og Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir heimsækja jarðlagnataekninema

Í byrjun janúar hófu 19 nemendur nám í jarðlagnataekni hjá Mími-símenntun og er það sjötti hópurinn frá upphafi. Námið er 300 kennslustunda nám, ætlað verkamönnum, flokkstjórum, verkstjórum og verktökum, sem vinna við nýlagnir og viðgerðir á rafstrengjum, vatnslögnum,

um, hitalögnum, fjarskiptalögnum og fráveitum í jörðu.

Tilgangur námsins er að veita nytsamlegar upplýsingar sem auka verkgaði og draga úr mistökum og stuðla að jákvæðum viðhorfum til áframhaldandi náms. Námsmenn fá tækifæri til þess að

spreyta sig á fjölbreyttri verkefnavinnu og taka þátt í umræðum um ýmis efni sem tengjast náminu. Þá er farið í vinnustaðaheimsóknir og sjálfsmat eru dæmi um aðferðir sem beitt er í því skyni að sem flestir finni námstækni og námshraða við sitt hæfi.



Hér get ég bætt þekkingu mína

-segir Hálfán H. Sveinsson

Hálfán H. Sveinsson vinnur hjá Loftorku við að leggja steinrör fyrir frárænnslu frá húsum og götum. Það var

eiginlega tilviljun að ég fór í þetta nám, segir hann. Ég var að hugleiða að segja upp þegar trúnaðarmaður Eflingar á

vinnustaðnum mínum sýndi mér kynningarbækling um jarðlagnataekninámið og spurði hvort að ég vildi ekki kynna mér hann betur. Ég svaraði því játandi og þegar ég hafði lesið bæklinginn sá ég að þetta nám var alveg upplagt fyrir mig því að ég gæti bætt miklu við þekkingu mína á jarðlögnum.

Svo þegar í ljós kom að ég fengi greidd laun fyrir þann tíma sem ég væri í skólanum og fengi styrk frá starfsmenntunarsjóði Eflingar réði það úrslitum um að ég ákvað að leggja inn umsókn.

Hálfán segir að fyrstu tvær vikurnar hafi farið í að rifja upp stærðfræði og íslensku. Svo höfum við líka verið að læra smávægis í efnisfræði, rafmagnsfræði og um öryggismál. Þá heimsóttum við Rannsóknarstofnun Byggingariðnaðarins á Keldum og kynntum okkur m.a. tæringarvarnir. Einnig er fyrirhuguð ferð í Röraverksmiðjuna Set á Selfossi og þar lærum við að plastsjóða. Svo má ekki gleyma því að það má meta námið til allt að 24 eininga til styttingar á námi í framhaldsskóla og það getur komið sér vel seinna, sagði Hálfán að lokum.

Aldrei að segja aldrei

- segir Sigurður Alfredsson



Sigurður Alfredsson segir að vinnuveitendur sínir hjá verktökum Magna hafi átt frumkvæðið að því að hann lét skrá sig í jarðlagnatækninámið. Ég vinn við frárennislagnir og það er farið að gera kröfur um að þeir sem vinna við jarðlagnir fari í þetta nám, segir hann.

Námsefnið er bæði bóklegt og verklegt og við lærum m.a. íslensku, stærðfræði og á tölvu, tækniteikun og innmælingar, tæringarfræði, jarðvegsfræði og rafmagnsfræði. Einnig heimsækjum við nokkra vinnustaði og lærum m.a. plastsuðu.

Sigurður segist hafa unnið við jarðlagnir í 20 ár og sér líttist mjög vel á að hafa fengið tækifæri til þess að auka við þekkingu sína á starfsgreininni. En ég á ekki von á því að ég eigi eftir að nota einingarnar sem námið gefur til styttingar á námi í framhaldsskóla, og þó maður á aldrei segja aldrei því að ég hefur heyrt að menn hafi notað þær til styttingar á námi í Rafmagnsfræði eða námi í Iðnskólanum, sagði Sigurður og brosti. Kannski er brosið ávísun á frekara nám síðar. Hver veit???



Strákarnir hjá borginni

Bretta upp ermar

Mikið hefur verið spurt um nám á sviði starfa þar sem karlmenn eru í miklum meirihluta hjá Reykjavíkurborg. Nýskipuð námskeiðsnefnd sem fjalla á um starfs og símenntun

fyrir umhverfissvið og framkvæmdasvið borgarinnar hefur haldið fundi til að undirbúa námskeið fyrir starfsmenn sem starfa á þessum sviðum. Námskeiðsdagur var haldinn hjá

borginni á síðasta ári sem markaði upphaf á þessu starfi en áætlað er að nú í mars hefjist starfsmenntun meðal borgarstarfsmanna með skipulegum hætti, bæði grunnnámskeið og síðan nám sem snertir sérhæft starfssvið.

Áður hafði verið hafinn undirbúningur að slíkum námskeiðum og unnin þarfagreining en nú eftir gerð síðasta kjarasamnings þar sem ákvæði kjarasamningsins eru mun ljósari varðandi starfs- og símenntun verður þessum námskeiðum nú komið af stað.

Fræðslusjóður Reykjavíkurborgar og Eflingar-stéttarfélags er nú um þessar mundir mun betur í stakk búinn til að vera bakhjarl slíkra námskeiða einnig mun sterkari og mun sjóðurinn veita slíkum námskeiðum fjárframlög.

Mjög margir hafa á undanförunum mánuðum spurt um þetta nám fyrir umhverfissviðið og framkvæmdasviðið og verður því kærkomið að fá þetta námstækifæri fyrir starfsmennina. Um er að ræða hefðbundin karlastörf en einnig eru konur inni á sviðum eins og garðyrkjunni o.fl.

Undir þessi svið heyra garðyrkja, sorphirða, hverfabækistöðvar, dráttavéla-deild, umferðardeild, holræsin og fleiri svið.

Glæsilegt hjá strákunum. Um að gera að bretta upp ermarnar og læra meira!!!!



Hulda Lilliendahl

Nám sem hækkar launin

- og eykur verðmæti

Fyrir 20 árum tók Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar til starfa í kjölfarið á kjarasamningum við verkalýðshreyfinguna og var hlutverk hennar m.a. að skipuleggja námskeið fyrir starfsfólk í fiskiðnaði sem veitti rétt til launahækkunar. Nefndin heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Fréttablað Eflingar átti stutt spjall við Huldu Lilliendahl, verkefnisstjóra nefndarinnar um stöðu þessara námskeiða, en Hulda er starfsmaður sjávarútvegsráðuneytisins.

Hulda segir nokkuð góða aðsókn hafa verið í það nám á landsbyggðinni en fyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu hafi ekki unnið á sama hátt að því að koma af stað námskeiðum á svæðinu. Aðeins eitt fyrirtæki í Reykjavík heldur svona námskeið árlega fyrir sitt starfsfólk og er það HB Grandi hf., segir hún.

Hulda segir ennfremur að starfsfólk sem hefur unnið í fiskvinnslu í tvo mánuði hjá sama fyrirtæki eigi rétt á að sækja þessi námskeið og ekki seinna en

Námskeiðið er í fullu gildi þó að störfum í fiskvinnslu hafi fækkað, segir Hulda Lilliendahl, verkefnastjóri

eftir tólf mánuði. Námsefnið fjallar um fiskafurðir, markaðsmál, meðferð hráefnis, innra eftirlit, gæðastjórnun, öryggismál, samskipti á vinnustað, vinnumarkaðsmál og margt fleira. Námskeiðið er alls 40 kennslustundir og fer kennslan fram í vinnutíma.

Að loknu námi fá þátttakendur starfsheitið sérhæfður fiskvinnslumaður eiga rétt á tveggja launaflokka hækkun.

Að sögn Huldu er námsefnið til á ensku og pólsku og geta stéttarfélag og fyrirtæki óskað eftir að fá þessi námskeið sér að kostnaðarlausu. Fyrirtækin greiða þó starfsfólkinu grunnlaun meðan á námskeiðinu stendur. Þegar erlendir starfsmenn eiga í hlut, þá er jafnan

túlkur á því tungumáli sem við á.

Á þessum 20 árum hafa 12 - 14 þúsund manns sótt námskeiðin. En á undanförunum árum hefur störfum í fiskvinnslu fækkað mikið og það hefur leitt til þess að aðsóknin hefur minnkað auk þess sem ákveðin metnun hefur orðið á þessum langa tíma.

En að sjálfsögðu er markmiðið með námskeiðunum ennþá í fullu gildi og ég vil því hvetja verkalýðsfélög og fyrirtæki í fiskvinnslu og launþega sem eiga hlut að máli til þess að kynna sér þau, sagði Hulda að lokum.

Í tilefni af því að 20 ár eru liðin frá því að námskeiðahald á vegum nefndarinnar hófst boðaði sjávarútvegsráðuneytið til ráðstefnu um starfsmenntun í fiskvinnslu. Ráðstefnan var haldin á Akureyri 10. febrúar sl. og var þar fjallað um starfsmenntun í fiskvinnslu í víðu samhengi. Ráðstefnan var vel sótt, bæði af fiskvinnslufólki, verkalýðsfélögunum, fiskvinnslufyrirtækjum og aðilum sem sinna starfsmenntun í atvinnulífinu.

Sumir dagar eru slæmir dagar...

Blessunarlega eru flestir dagar fremur áfallalausir hjá íslenskum fjölskyldum. En sumir vilja samt hafa öll sín mál á hreinu. Það er engin tilviljun að um 25.000 fjölskyldur hafa valið F plús fjölskylduþryggingu VÍS.

Sumir eiga hreinlega í erfiðleikum með að trúá því hversu víðtæk F plús tryggingin er. Hún felur í sér og veitir m.a.:

- | | | |
|--|--|----------------------------------|
| ■ Tryggingu á innbúi | ■ Farangurstryggingu á ferðalögum erlendis | ■ Ábyrgðartryggingu einstaklings |
| ■ Slysstryggingu í frítíma | ■ Umönnunaryggingu barna | ■ Afslátt af öðrum tryggingum |
| ■ Ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu á ferðalögum erlendis | ■ Málskostnaðartryggingu | ■ Afslátt af öryggisvörum |

Sjá nánar í skilmálum F plús tryggingar. Kynntu þér kosti F plús á vis.is eða næstu þjónustuskrifstofu okkar.



Skemmtileg vika

- segja trúnaðarmenn Eflingar



Áhugasamir trúnaðarmenn í Eflingu

Trúnaðarmönnum ber saman um að það hafi verið skemmtileg vika hjá þeim á trúnaðarmannanámskeiði I á dögunum. Þátttakendur létu í ljós ánægju með námsefnið og alla skipulagn-

ingu á námskeiðinu. Stór hluti þeirra lýsti því jafnframt yfir að þeir ætluðu að láta skrá sig strax á trúnaðarmannanámsskeið II, sem verður haldið 6. til 10 mars næstkomandi. Félagið vill því hvetja alla

Hvað sögðu þau um kosti námskeiðsins?

- Fengum mikið af upplýsingum sem við vissum ekki um.
- Urðum betur meðvituð um það hvert hægt er að snúa sér með þau mál sem geta komið upp.
- Fjölbreytt námskeið.
- Betur í stakk búin ef eitthvað kemur upp á á vinnustaðnum.
- Fengum góða innsýn í verkalýðsbaráttu og vinnuna í kringum það.
- Lærdum að meta góða samvinnu, góðan anda og meiri þekkingu.
- Á námskeiðinu fæst góð reynsla og þekking á trúnaðar- og kjaramálum.

trúnaðarmenn sem hafa lokið trúnaðarmannanámskeiði I að láta skrá sig sem fyrst á framhaldsnámskeiðið ef þeir hafa tök á því og tíma.

Tímabært að afla meiri þekkingar

Alfred J. Alfredsson hjá Hlaðbæ



Alfred J. Alfredsson vinnur á malbikunarvél hjá Hlaðbæ Colas og tók við starfi trúnaðarmanns á síðasta ári að frumkvæði yfirmanns síns. Það hafði enginn trúnaðarmaður frá Eflingu verið hjá fyrirtækinu um nokkurt skeið og honum fannst kominn tími til að bæta úr því, sagði hann.

Alfred segir að fljótlega eftir að hann tók við starfinu hafi honum fundist nauðsynlegt að afla sér meiri þekkingar og ákvað þess vegna að fara á þetta námskeið. Námsefnið er mjög fjölbreytt og fjallar m.a. um réttindi og skyldur

trúnaðarmanna og félagsmanna í Eflingu almennt. Þá fór talsverð umræða fram um einelti á vinnustöðum, kjarasamninga, lífeyrisréttindi og fræðslumál svo eitthvað sé nefnt.

Skipulag leiðbeinenda og skemmtileg framkoma á stóran þátt í því að mér finnst tímanum hafa verið vel varið hér og ég er ákveðinn í að fara á framhaldsnámskeið á næstunni.

Aðspurður segir Alfred að framkvæmdir við malbikun hafi breyst mikið á undanförunum árum. Það er ekki langt síðan að vinnan hófst á vorin og stóð yfir fram á haust. En núna dreifist hún yfir allt árið og vinnuálag hefur aukist mjög mikið. Ég gæti trúað að menn séu að skila að meðaltali 12 - 13 vinnustundum á dag í tíu mánuði á ári. En yfirleitt er frí um helgar.

Alfred segir að stundum þurfi mannskapurinn að vinna á nóttinni til þess að trufla ekki umferð. Þannig hafi það verið síðastliðið sumar þegar vegurinn undir Hafnarfjalli var malbikaður.

Það kemur líka oft fyrir að maður borðar hádegismatinn við stýrið á vélinni og þá fæ ég matartímann borgaðan.



Hef lært heilmikið

- segir Oddný Einarsson á Jöklaborg

Oddný Einarsson, hefur unnið á leikskólanum Jöklaborg í sautján ár og tók við starfi trúnaðarmanns á síðasta ári. Hún sagði að fyrir utan réttindi og skyldur trúnaðarmanna í starfi hefði verið rætt um kjarasamninga, samskipti á vinnustöðum, einelti og innra starf félagsins.

Þessi vika hefur verið mjög skemmtileg og ég er búin að læra heilmikið hjá frábærum leiðbeinendum. Svo er ég líka að læra ensku. Það kemur til af því að leikskólinn hefur tekið þátt í Evrópusamstarfi og mér fannst að það vantaði aðeins upp á málakunnáttuna hjá mér til þess að geta tekið meiri þátt í því starfi, sagði hún.



Sorpa

Ný launatafla Reykjavíkurborgar tekur gildi

Ögmundur Einarsson, framkvæmdastjóri Sorpu, Sigurður Bessason, formaður Eflingar og Kolbeinn Gunnarsson formaður verkamannafélagsins Hlífar undirrita nýjan kjarasamning

Starfsmönnum Sorpu var kynntur nýr kjarasamningur 10. febrúar sl. og var hann jafnframt borinn undir atkvæði. Voru 43 á kjörskrá og greiddu 35 félagsmenn atkvæði. Samningurinn var samþykktur með yfirgnæfandi meiri-

hluta atkvæða.

Samningurinn þýðir töluverðar breytingar fyrir félagsmenn Eflingar hjá fyrirtækinu, þar sem tekin er upp ný launatafla Reykjavíkurborgar. Þá munu starfsmenn endurvinnslustöðva alfarið vinna

samkvæmt vaktafyrirkomulagi Reykjavíkurborgar en eitt markmið nýja samningsins var einmitt að hafa hann skýrari og heildstæðari en áður.



MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI

Silkimjúkt, próteinríkt og fitulaust

Skyr.is er fitulaust en seðjandi. Það er próteinríkt og hentar vel þeim sem vilja byggja upp hraustan líkama.

Það fæst með mörgum spennandi bragðtegundum, bæði með og án viðbætts sykurs.

Við erum stolt



Efling-stéttarfélag hlaut starfsmenntaverðlaunin 2005

Efling-stéttarfélag hlaut Starfsmenntaverðlaunin 2005 fyrir vel unnin störf að menntun félagsmanna sinna þar sem öllum er veitt tækifæri til náms.

Viðurkenningin er félagsmönnum, starfsfólki og stjórn Eflingar-stéttarfélags mikil hvatning til enn frekari starfa á sviði starfsmenntunar.

Efling þakkar samstarfsaðilum fyrir ómetanlegt framlag þeirra.



Leikskólastarfsmenn brugðust hratt við kallinu!

Fræðslusetur Eflingar iðar af lífi



Það iðar allt af lífi í Fræðslusetri Eflingar á þriðjudagskvöldum en þá er leikskólabrúin kennd í Sætúinu

Þegar auglýst var í Eflingarblaðinu og á vinnustöðum leikskólanna um sérstaka námsbrú fyrir leikskólastarfsmenn með öll námskeið að baki og með starfsreynslu létu viðbrögðin ekki á sér standa. Yfir 50 manns sóttu um og var því bætt við öðrum hóp þannig að í allt komust 46 að á þessari námsleið sem nú eru þegar hafin í fræðslusetri Eflingar-stéttarfélags að Sætúni 1.

Þessir starfsmenn leikskólanna eru margir með mjög langan starfsaldur og hafa tekið öll námskeið og jafnvel áfanga á framhaldsskólastigi til að bæta sig sem starfsmenn leikskóla og styrkja sig persónulega. Á leikskólum er margra ára hefð fyrir starfsmenntun.

Þetta er mikið skref fyrir marga og því mikilvægt að vel takist til.

Fyrstu námgreinarnar eru Félagsfræði

og uppeldisfræði auk siðfræði en stefnt er að því að ljúka sjö einingum á þessari önn. Farið verður í námsferð eina helgi þar sem sérstakt námsefni er tekið fyrir.

Þessi hópur markar tímamót í námssögu Eflingar-stéttarfélags og er líka til marks um að Efling-stéttarfélag vinnur vel að menntamálum fyrir félagsmenn sína.

Margt í boði hjá Eflingu

Viltu fá námsráðgjafa á vinnustaðinn???

Nú á vormánuðum er tækifæri til að fá námsráðgjafa á vinnustaðinn þinn. Mikil þörf er fyrir að ræða við námsráðgjafa um hvort og hvernig hægt er að bæta við sig í námi og er þá átt við bæði í símenntun og starfsmenntun. Margar nýjar námsbrautir hafa orðið til fyrir fólk sem er að vinna á vinnustöðum til að mæta aukinni þörf fyrir símenntun.

Leikskólabrúin, félagsliðanámið, byggingaliðar, eldhúsnámskeið, skólaliðanám

og jarðlagnatæknanámið eru dæmi um nýjar námsleiðir sem fólk á völ á. Svo eru mörg önnur tækifæri sem fólk er að hugleiða og getur því verið gott að fá að hitta námsráðgjafa á vegum Eflingar-stéttarfélags.

Félagið býður upp á að fólk geti hringt og óskað eftir að fá á sinn vinnustað námsráðgjafa sem býður upp á kynningarfund og síðan einstaklingsviðtöl.

Kynntu þér málið hjá Eflingu-stéttar-



félagi síma 510 7500 eða hjá Þórunni netfang thorunn@efling.is.

Leikskólar borgarinnar

Útigallar fyrir alla starfsmenn

Í nýgerðum kjarasamningum við Reykjavíkurborg var samið um að starfsmenn á leikskólum hefðu hver og einn sinn útigalla. Nú hefur Menntasvið Reykjavíkurborgar undirbúið könnun á hver sé þörfin á hverjum leikskóla fyrir sig og í framhaldinu verður leitað eftir tilboðum fyrir alla leikskólana. Á undanförunum vikum hefur mikið verið spurt um stöðu þessa máls sem nú er komið í þennan farveg.



Nýr samningur undirritaður við Vélamiðstöðina

Gengið var frá samkomulagi við Vélamiðstöð ehf. þann 27. janúar sl. sem tryggir félagsmönnum hjá Vélamiðstöð sambærileg kjör og kveðið er á um í nýjum samningi Reykjavíkurborgar við Eflingu-stéttarfélag.

Á meðfylgjandi mynd má sjá samningsaðila við undirritunina. Frá vinstri; Ragnar Ólason, aðaltrúnaðarmaður hjá Reykjavíkurborg, Pétur Þorbergsson, trúnaðarmaður hjá Vélamiðstöð, Gísli Erlendsson, forsvarsmáður Vélamiðstöðvar og Harpa Ólafsdóttir, formaður kjaramálasviðs Eflingar.

Fyrirvaralaus uppsögn

Hafið samband samdægurs!

Það skal enn og aftur ítrekað að starfsmaður sem er rekinn úr starfi eða sagt upp að hann geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.

Þeir starfsmenn sem er sagt upp eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars eru þeir sennilega að tapa launum í uppsagnarfresti.



Félagsliðar

Öflugt fræðslustarf á döfinni



Faghópur félagsliða hefur undirbúið fræðslufund fyrir félagsliða í Eflingu-stéttarfélagi. Gerð var könnun meðal félagsliða á haustfundinum þar sem félagsliðar lýstu sínum skoðunum á hvað þeir vildu sjá og heyra á vegum faghópsins.

Nú er fyrsti fræðslufundurinn haldinn

miðað við þessar niðurstöður í könnuninni.

Á fundinum verður fjallað um sorg og sorgarviðbrögð, reiði, vonleysi og depurð hjá hinum aldraða /sjúka og hvernig bregðast félagsliðar við með hlustun og samtölum. Erindið flytur Sigfinnur Þorleifsson sjúkrahúsprestur

og fræðsluaðili.

Margar tillögur komu fram hjá félagsliðum um ýmiss konar annað efni og verður fjallað um könnunina í næsta blaði.

Ljóst er að öflugt fræðslustarf og önnur starfsemi er að fara af stað á vegum Faghóps félagsliða

Beðið eftir 12. mars

Verður mikið fjör

- segir Guðmundur Þ Jónsson



Kaffisamsæti eldri félagsmanna Eflingar verður að venju á Broadway þann 12. mars, n.k. Að venju verður boðið upp á glæsilegt hlaðborð sem mun svigna undan góðgætinu eins og fjölmargir Eflingarfélagar þekkja frá fyrri samkomum. Það verður mikið fjör, segir Guðmundur Þ Jónsson 2. varaformaður Eflingar sem undirbýr þessa skemmtun eins og undanfarin ár.

Á síðasta ári og reyndar árin þar á undan komu á milli 1100 og 1200 eldri Eflingarfélagar á kaffisamsætið. Ekki var annað að sjá en að allir hafi skemmt sér vel og farið gladdir heim eftir frábærar veitingar, skemmtiatriði og dans auk þess sem alltaf er gaman að hitta gamla kunningja og vinnufélaga. Boðið verður upp á tónlist og söng auk skemmtiatriða og dans.

Miðar verða afhentir á skrifstofunni eins og áður og verður félagsmönnum sent bréf þar að lútandi þegar nær dregur.

Ekki þarf að efast að Eflingarfélagar og gestir þeirra munu fjölmenna og troðfylla húsið eins og jafnan áður.

Ungmennamót í Venesúela

- gegn heimsvaldastefnu, eftir Ögmund Jónsson



„Anti-imperialist tribunal“ eða „Réttarhöld yfir heimsvaldastefnunni,” vinsæll hluti Heimsmóts ungs fólks og námsmanna þar sem fulltrúar bera vitni gegn heimsvaldastefnunni. Á myndinni er Hugo Chávez, forseti Venesúela að tala

Sautján þúsund ungmenni komu saman á „Heimsmóti ungs fólks og námsmanna“ í Caracas, höfuðborg Venesúela, í byrjun ágúst. Þátttakendur komu frá 144 löndum í öllum heimsálfum. Þarna hittist ungt fólk alls staðar að sem er m.a. að taka þátt í baráttu fyrir þjóðfrelsi, kvenfrelsi, fyrir verkalýðsfélögum og gegn rasisma og heimsvaldastríðum, og lærði hvert af öðru. Heimsmótið hafa verið haldin síðan 1947 og er aðalskipuleggjandi þeirra World Federation of Democratic Youth. Síðasta mót var haldið í Alsír árið 2001. Að þessu sinni fóru fjórir frá Íslandi og var Ögmundur Jónsson, félagsmaður í Eflingu meðal þeirra. Hann greinir frá heimsmótinu í grein hér á eftir.

Við lærðum ekki síst af þeim hreyfingum sem eru virkar í Venesúela sjálfu. Undanfarin ár hafa milljónir ungmenna, verkafólks og bænda þar tekið þátt í herferðum sem miða að því að bæta kjör og lífsgæði vinnandi fólks. Ein herferðin miðaði upphaflega að því að útrýma ólæsi. Eftir að það markmið náðist að miklu leyti var hafist handa við að veita sem flestum tækifæri til framhaldsmenntunar. Margir af hinum 3.500 venesú-

elsku fulltrúum á heimsmótinu voru ýmist sjálfbóðaliðar í þessum verkefnum eða höfðu komist í nám vegna þeirra.

Í kúbönsku sendinefndinni voru 1.800 ungmenni og mörg þeirra eru einnig þátttakendur í félagslegum herferðum í Venesúela. Hátt í tuttugu þúsund kúbanskir læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn vinna nú á heilsgæslustöðvum í verkalýðshverfum og sveitum landsins þar sem lítil sem engin heilbrigðisþjónusta var fyrir. Verkefnið kallast Barrio Adentro, eða „Í hverfinu“ og við höfðum tækifæri til þess að heim-sækja eina af þessum stöðvum þar sem veitt er mjög góð þjónusta.

Meirihluti jarðnæðis í Venesúela er í eigu stórarðeigenda og mikið af því er ónotað. Landlausir bændur hafa barist fyrir því áratugum saman að því verði skipt upp. Undanfarin ár hefur ríkisstjórnin úthlutað 115 þúsund fjölskyldum landskikum og sums staðar hafa bændur sett upp samyrkjubú. Flestir eru þó enn landlausir og stórarðeigendur hika ekki við að beita ofbeldi til að hræða fólk burt af landi sem það hefur tekið yfir. Á síðustu sex árum hafa 138 bændur verið skotnir til bana.

Sviðsett réttarhöld

Einn vinsælasti atburðurinn á heimsmótinu voru sviðsett réttarhöld yfir heimsvaldastefnunni. Þar vitnaði Hugo Chávez, forseti Venesúela, um tilraunir stjórnarandstöðunnar og samtaka atvinnurekenda til að koma stjórn hans frá völdum með stuðningi Bandaríkja-stjórnar. Í apríl 2002 gerðu yfirmenn í hernum tilraun til valdaráns, og atvinnurekendur skipulögðu verkban sýðar sama ár til að veikja og fella stjórnina. Hvort tveggja rann út í sandinn þegar vinnandi fólk fylkti liði hundruðum þúsunda saman til að verja stjórnina falli.

Meðal annarra sem báru vitni var Bui Teh Giang frá Víetnam sem fordæmdi efnavopnaárásir Bandaríkjanna í Víetnamstríðinu sem enn í dag valda því að börn fæðast vansköpuð. Einnig talaði Luis Rosa frá Puerto Rico, sem sat í fangelsi í Bandaríkjunum í 18 ár fyrir þátttöku sína í sjálfstæðisbaráttu Puerto Rico. Við hittum einnig fulltrúa frá Vestur-Sahara sem búa í flóttamannabúðum í Alsír. Þeir sögðu frá baráttu sinni gegn hernámi Marokkó á landi sínu, sem hefur staðið síðan 1975.

„Þetta er þungur róður því Frakkland, Bandaríkin og Spánn styðja hernámið,” sagði Sidi Mohamed, einn af leiðtogum Polisario, frelsishreyfingar Vestur-Sahara.

Barátta í mörgum löndum

Í Teresa Carreño-leikhúsinu voru kynningarbásar frá ýmsum hreyfingum alls staðar að. Þar á meðal voru stuðningsmenn baráttu námafólks í Co-Op námunninni í Utah í Bandaríkjunum. Námafólkið, sem flest er frá Mexíkó, hefur barist fyrir því í tvö ár að fá verkalyðsfélag námamanna viðurkennt í námunninni. Þegar þau höfðu náð því í gegn að fram færi atkvæðagreiðsla um verkalyðsfélagið ráku eigendurnir þá sem staðið höfðu í baráttunni og hafa nú lögsótt námafólkið, verkalyðsfélagið, nokkur blöð sem fjölluðu um málið og ýmsa stuðningsmenn verkafólksins. Sósíalíska fréttablaðið Militant, sem sagt hefur frá baráttu námafólksins og er eitt þeirra blaða sem er ákært, hefur hafið herferð til þess að afla stuðnings við baráttuna gegn lögsókninni og hafa stuðningsyfirlýsingar og fjárframlög

Ein herferðin miðaði upphaflega að því að útrýma ólæsi. Eftir að það markmið náðist að miklu leyti var hafist handa við að veita sem flestum tækifæri til framhaldsmenntunar

borist víða að, m.a. frá Íslandi.

Við sögðum frá stéttabaráttu á Íslandi, til dæmis verkfalli kennara síðastliðið haust og tilraunum atvinnurekenda til þess að halda innflytjendum utan verkalyðsfélaga með „þjónustusamningum“ og „starfsmannaleigum.“ Fólk vissi heldur ekki að íslenska ríkisstjórnin hefði tekið þátt í hernámi Afganistan, Kósóva og Írak.

Kvenfrelsi og jafnréttisbarátta

Kvenfrelsi og leiðir í jafnréttisbaráttu voru mikið ræddar á heimsmótinu bæði á fundum og óformlega. Í iðnríkjum fjölgar konum í störfum, ekki bara í hefðbundnum „kvennastörfum“ heldur einnig við hlið karla í því sem væru álitin „karlastörf“ og á síðustu árum

hefur þróun kapítalískrar framleiðslu í vanþróuðum löndum einnig ýtt áfram þessari breytingu þar. Þetta gerir konur að meiri þátttakendum í samfélaginu og eykur sjálfstraust þeirra. Konur frá Rómönsku-Ameríku sögðu frá því að á undanförunum árum hefur aukinn kraftur komið í baráttuna fyrir frjálsum fóstureyðingum þar, einkum í Argentínu. Þær bentu á að möguleikinn til þess að velja fóstureyðingu sé mikilvægur til þess að konur geti stjórnað lífi sínu.

Margir þátttakendur í heimsmótinu gistu í Ciudad Miranda-hverfinu, u.þ.b. klukkutíma akstur frá höfuðborginni, þar sem verið er að byggja íbúðir fyrir fimm þúsund fjölskyldur til þess að létta á húsnæðisvandannum í Caracas. Á kvöldin eftir að formlegri dagskrá lauk höfðum við því tækifæri til þess að slaka á, kynnast íbúum í hverfinu og öðrum þátttakendum í heimsmótinu og umræðurnar heldu áfram undir dunandi tónlist.

Höfundur er félagsmaður í Eflingu og starfar hjá Granda hf.



Barbie - Spiderman
Bubbi byggir - Bratz
Nemó - Pétur Pan
Og margt fleira



Barnatertur



Kökubankinn
BAKARÍ KONDITORI
Sími : 5658070 - Íslands 2, 210 Garðabæ
(kokubankinn.is)

Opnunartímar : Mánud. til föstud. frá kl. 7.30 til 18.00
Laugard. frá kl. 8.00 til 16.00 - Sunnud. frá kl. 9.00 til 16.00



Gildi Lífeyrissjóður sýnir mjög góðan árangur

Raunávöxtun 17.8%

- og réttindi hækkuð um 7%

Nafnávöxtun Gildis-lífeyrissjóðs var 22,6% á árinu 2005 eða 17,8% raunávöxtun. Árið 2005 var fyrsta starfsár Gildis-lífeyrissjóðs, en sjóðurinn varð til við samruna Lífeyrissjóðs Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár er 8,6% að teknu tilliti til ávöxtunar eldri sjóða árin 2001-2004. Í ljósi þessarar góðu stöðu hefur stjórn sjóðsins ákveðið að

leggja til við ársfund að áunnin réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega verði hækkuð um 7% frá 1. janúar 2006.

Þessa góðu ávöxtun á nýliðnu ári má rekja til fjárfestingarstefnu sjóðsins og hagstæðra skilyrða á verðbréfamörkuðum, sérstaklega innanlands. Innlend hlutabréf sjóðsins hækkuðu um 71,5% á meðan Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hækkaði um 64,7%, en vægi innlendra

hlutabréfa í eignasafni sjóðsins jókst á árinu. Ávöxtun á erlendum hlutabréfum var ágæt á árinu, erlend hlutabréfaeign sjóðsins hækkaði um 16,3% í krónum, en heimsvísitalan hækkaði um 12,2%.

Fjárfestingartekjur námu samtals 33,3 milljörðum króna og hækkuðu um tæpa 10 milljarða á milli ára. Hrein eign til greiðslu lífeyris var 181,3 milljarðar kr. í árslok 2005 og hækkaði hún um 35,5 milljarða frá fyrra ári eða 24,4%. Eignaskiptingin var með eftirfarandi hætti í árslok 2005: 53% af eignum sjóðsins voru í innlendum skuldabréfum, 25% í innlendum hlutabréfum og 22% í erlendum verðbréfum.

Á árinu greiddu 3.933 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins, samtals að fjárhæð 6.627 milljónir króna fyrir 38.951 sjóðfélaga. Sjóðfélagar í árslok 2005 voru samtals 164.135. Lífeyrisgreiðslur námu 4.125 milljónum króna og heildarfjöldi þeirra sem fékk greiddan lífeyri á árinu var 13.629.

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt sem miðast við stöðu sjóðsins í árslok 2005 eru eignir 10,8% umfram heildarskuldbindingar. Í ljósi þessarar góðu stöðu hefur stjórn sjóðsins ákveðið að leggja til við ársfund, sem haldinn verður 26. apríl, að áunnin réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega verði hækkuð um 7% frá 1. janúar 2006.




Fræðslusjóðir Eflingar-stéttarfélags eru nokkrir eftir starfsgreinum og vinnumarkaði. Í þeim eru réttindi félagsmanna byggð þannig upp að félagsmenn eiga réttindi til að sækja um fræðslustyrki til náms eftir að hafa verið í 12 mánuði í Eflingu-stéttarfélagi. Styrkir eru misháir, frá kr. 44.000 - 50.000, miðað við að nám kosti þá 55.000 kr. eða meira og er starfstengt nám mest niðurgreitt og nám í framhaldsskólum og einstakar námsbrautir sem tengjast starfi viðkomandi.

Þá er niðurgreiðsla á tómstundanámi frá kr. 14.000-15.000 að hámarki en þó aldrei meira en sem nemur 50% af kostnaði við námið.

Náms- og kynnisferðir félagsmanna hafa verið styrktar og einnig hafa þeir félagsmenn sem fara í Leonardóferðir á vegum vinnustaðar og Eflingar fengið styrki vegna fararinnar.

Félagsmenn eru hvattir til að afla sér upplýsinga um réttindi sín á heimasíðu félagsins eða hjá Eflingu-stéttarfélagi síma 510 7500.



***Allt um orlofshús og ferðir
Eflingar***
í sumarblaði 2006



„Eftir hverju ertu að bíða?“

- spyr Jóhanna Marta Ólafsdóttir, markaðsstjóri SPV

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands lækka laun fólks eftir 70 ára aldur að meðaltali um 42% frá því sem var meðan það var á vinnumarkaði. Því er ljóst, að mati Jóhönnu Mörtu Ólafsdóttur, markaðsstjóra SPV, að mikilvægt sé fyrir launþega að nýta sér alla þá kosti sem í boði eru á markaði í því skyni að tryggja sér að fólk geti haldið í þann lífsstíl sem það kysir eftir að tekjur af atvinnu hætta að koma inn.

Lífsvál SPV er góð leið fyrir einstaklinga, sem vilja huga að framtíð sinni og vilja byggja upp eigin lífeyrissjóð. Einstaklingar geta gert samning við launagreiðanda um að leggja ákveðna upphæð af launum í séreignarsjóð, þeir sem ekki nýta sér þennan möguleika eru í raun að missa af umsömdum kjarabótum.

Besta sparnaðarleiðin til framtíðar!

Lífeyrissparnaði má líkja við launahækkun vegna mótframlags atvinnurekanda, sem í flestum tilfellum er 2% ef launþegi setur a.m.k. 2% í lífeyrissparnað. Íðgjöldin eru frádráttarþær frá skattskyldum tekjum og fólk ávaxtar féð, sem annars hefði farið í skatt,” segir Jóhanna Marta Ólafsdóttir, markaðsstjóri SPV. „Hjá okkur er ekki greidd nein upphafsþóknun við upphaf sparnaðar. Ávöxtunin undanfarin 6 ár hefur verið mjög góð, á verðtryggðum Lífsvalsreikningi var t.d. nafnávöxtun 9% árið 2005 og á hlutabréfaáherslu 19,3%.

Mótframlag launagreiðanda og skattfrestun við innborgun gerir það að verkum að enginn annar sparnaður stenst samanburð við séreignarsparnað.

	Séreign	Sparnaður
Framlag á mánuði	3.000	3.000
Tekjuskattur	0	1.102
Mótframlag launagr. 2%	3.000	0
Heildarframlag á mán.	6.000	1.898
Tekjuskattur við	3.266.298	0
Fjármagnstekjuskattur	0	190.279
Inneign eftir skatta	5.628.850	2.623.553

Í töflunni að ofan er lífeyrissparnaður og annar sparnaður borinn saman. Gert er ráð fyrir 2% framlagi launþega af 150.000 kr. mánaðarlaunum í 40 ár, 5% raunávöxtun og 36,72% tekjuskatti. Af þessu dæmi sést að mismunurinn á séreignarsparnaði og öðrum sparnaði,



þar sem ekki er greitt mótframlag eða um skattfrestun að ræða, er umtalsverður, hvorki meina né minna en 3.005.297 kr.

Helstu kostir Lífsvals

Inneign í séreignarsparnaði má líkja við bundna sparisjóðsbók þar sem lagt er inn og tekið út samkvæmt ákveðnum reglum.

Þessir fjármunir eru bundnir til a.m.k. 60 ára aldurs og hvorki innstæðan né vaxtatekjur eru skattlagðar fyrr en útborgun hefst. Auk þess er séreignarsparnaður ekki framtalsskyldur sem eign á skattframtali og skerðir því hvorki vaxta- né barnabætur né heldur er greiddur af honum eignarskattur.

30 ára einstaklingur sparar til 67 ára aldurs				
Ávöxtun	4%	6%	8%	Hlutfall
Launþegi	4.933.948	7.016.493	10.141.564	60%
Launagreiðandi	3.289.299	4.677.662	6.761.043	40%
Samtals	8.223.247	11.694.155	16.902.607	100%
Mánaðarl. í 7 ár	112.131	169.945	261.103	

Jóhanna segir að miðað við 200.000 kr. mánaðarlaun geti heildarframlag í Lífsval SPV numið tólf þúsund krónum á mánuði. Hins vegar lækki mánaðarleg útborgun viðkomandi ekki nema um 4.914 krónur.

Fáðu 2% launahækkun strax!

„Lífeyrissparnaður er góð ráðstöfun og sjálfsgöð fyrir alla aldurshópa, hvort sem er almenna launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga. Launþegar geta nú lagt allt að 4% af tekjum sínum fyrir skatta í séreignarlífeyrissparnað og fá þá 2% mótframlag frá launagreiðanda. Rétt er að taka fram að sparnaður hækkar ekki sjálfkrafa úr 2% í 4% hjá þeim laun-

þegum sem þegar hafa gert samning um 2% viðbótarlífeyrissparnað. Það eina sem launþegi þarf að gera til að hækka sparnaðarfjárhæðina er að skrifa undir nýjan samning og launagreiðandi og SPV sjá um restina,” segir Jóhanna.

Samspil ávöxtunar og áhættu

Eins og ævinlega fylgjast að áhætta og ávöxtun. Því meiri áhætta sem tekin er því hærri getur ávöxtunin orðið. Það má ekki horfa á ávöxtun til skamms tíma þegar meta á sparnað til langs tíma. Áhættusamari sparnaður hentar fremur yngri fólki sem hefur tíma til að vinna upp sveiflur sem geta orðið á sparnaðartímanum. Þeir sem eldri eru ættu fremur að velja íhaldssamari leiðir fyrir sparnað sinn enda hefur þeir ekki sömu tækifæri til að vinna upp hugsanlegar sveiflur.

Lífeyrissparnaður SPV

SPV hefur um langt árabil staðið í fremstu röð varðandi þróun hagstæðra sparnaðarleiða. Varðandi einstaklinga á vinnumarkaði býður SPV þrjár leiðir til ávöxtunar lífeyrissparnaðar. Þessar meginleiðir eru kallaðar 1) Lífsval með verðtryggðum sparnaði, 2) Lífsval með skuldabréfaáherslu og 3) Lífsval með hlutabréfaáherslu.

Lífsvál með verðtryggðum sparnaði

Verðtryggður sparnaður hentar vel þeim sem nálgast töku lífeyris einnig þeim sem kjósa öryggi sparnaðarreikninga fremur en að ávaxta viðbótarsparnað sinn í verðbréfum.

Lífsvál með skuldabréfaáherslu

Sparnaður í þessum sjóði er ákjósanlegur fyrir þá sem vilja vera varkárir en vænta um leið góðrar ávöxtunar. Markmið sjóðsins er góð langtímaávöxtun á innlendum skuldabréfamarkaði og lágmörkun verðsveiflna. Sjóðurinn veitir aðgang að fjárfestingartækifærum sem aðeins stórir fjárfestar hafa annars aðgang að.

Lífsvál með hlutabréfaáherslu

Sparnaður í þessum sjóði SPV, sem leggur áherslu á fjárfestingu í hlutabréfasjóðum, er kjörin leið fyrir þá sem hefja sparnað snemma á starfsævinni því hlutabréfasjóðirnir eru líklegir til að gefa

hærri ávöxtun en skuldabréfasjóðir þegar til langs tíma er litið.

Veldu þína leið - Það er ekki eftir neinu að bíða ...

Hægt er að velja eina af þremur ofangreindum leiðum eða velja Lífsvalsleiðina, en þá færir sparnaðurinn sjálfkrafa á milli fjárfestingaleiða eftir aldri viðkomandi. Áhættan minnkar með tímanum og þannig sjáum við um að samræma öryggi og ávöxtun út frá aldri launþega á hverjum tíma.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um lífeyrissparnað þarf einungis að hringja í næsta þjónustufulltrúa SPV í síma 575 4100, sem aðstoðar við val á réttir

Lífsvalsleiðin - samsetning og ávöxtun			
	18-39 ára	40-54 ára	55 ára+
1. Lífsval - verðtr. sparnaður	40%	40%	60%
2. Lífsval - skuldabréfaáhersla	0%	30%	40%
3. Lífsval - hlutabréfaáhersla	60%	30%	0%
Samtals	100%	100%	100%
Ávöxtun 2005	15,2%	12,4%	9,4%

sparnaðarleið og sendir launagreiðanda öll nauðsynleg gögn. Launþeginn getur síðan fylgst með árangri af sparnaðinum í Heimabankanum. Jóhanna ráðleggur öllum að taka strax ákvörðun og hefja viðbótarlífeyrissparnað nú þegar. Hún segir ekki eftir neinu að bíða því aldrei

sé of seint að byrja og aldur skipti ekki máli. Þetta er án efa rétt hjá Jóhönnu vilji maður huga að fjárhagslegri framtíð sinni eftir að þátttöku á vinnumarkaði lýkur. Það eina sem þarf að gera er að samþykkja að fá strax 2% launahækkun!


Byrjaðu morguninn með nýbökuðum rúnnstykkjum


50 kr.-

Öll rúnnstykki á aðeins



Bergstaðastræti 13 - Sími 551 3083
www.bernhofsbakari.is





Lausnarorð:

Nafn: _____ Vinnustaður: _____ Sími: _____

Heimili: _____ Kennitala: _____

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema **15.000,- krónum**.
Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sættún 1, 105 Reykjavík.
Svar þarf að berast fyrir 10. apríl nk.



Krossgátan

Gunnar Guðmundsson heppinn

Sá heppni sem vann krossgátu síðasta blaðs heitir Gunnar Guðmundsson starfsmaður hjá Orkuveitu Reykjavíkur og var það Harpa Ólafsdóttir, forstöðumaður kjaramálasviðs sem afhenti honum ávísun að upphæð 15.000 krónur. Óskar félagið honum innilega til hamingju

Lausn síðustu krossgátu



VIÐ HJÁ GÆÐAFÆÐI
ÚTBÚUM ALLAN
GRILLMAT FYRIR
FERÐALAGIÐ



Gæðafæði
ehf.

Sími 5773300 - Fax 5773303



Hópurinn sem tók við styrkjunum, ásamt Guðrúnu Halldórsdóttur sem er fremst á myndinni, Steinunni Valdís Óskarsdóttur, borgarstjóra og Guðmundi Haukssyni, sparisjóðsstjóra. En Spron kom til samstarfs við þá aðila sem standa að Guðrúnarsjóði og að sögn Guðrúnar mun það gera stjórninni kleyft að veita fleiri styrki árlega

Guðrúnarsjóður

Styrkir til þeirra sem þurfa stuðning

Guðrúnarsjóður er kenndur við Guðrúnu Halldórsdóttur, fyrrverandi skólastjóra Námsflokka Reykjavíkur og varð til á 70 ára afmælisdegi hennar. Guðrún var alla tíð í fararbroddi í Reykjavík fyrir menntun almennings og á þessum tímamótum var ákveðið að leggja fram fé frá borgarsjóði og Eflingu-stéttarfélagi til þess að styrkja fólk til menntunar, nýbúaverkefni eða jafnréttisverkefni.

Sjóðstjórnin mat það svo að í ár skyldi leitað að fólki sem væri í námi og hefði þörf fyrir stuðning. Nú hefur verið leit að einstaklingum sem féllu að þessum markmiðum og komu nokkur nöfn til umræðu hjá sjóðstjórn.

...var ákveðið að leggja fram fé frá borgarsjóði og Eflingu-stéttarfélagi til þess að styrkja fólk til menntunar, nýbúaverkefni eða jafnréttisverkefni

Niðurstaðan var sú að veita Helgu Agnars Jónsdóttur styrk til að ljúka félagsliðanámi en hún veiktist í miðjum námsferlinum. Signý Björk Ólafsdóttir fær einnig styrk en hún er nú í námi á hönnunarbraut í Iðnskólanum í Hafn-

arfirði en hefur m.a. fengið áhuga á að sækja sér frekari menntun eftir nám hjá Guðrúnu í Kvennasmiðjunni.

Þá fær Máni Jósefsson styrk en hann er í námi í Kvennaskólanum og hefur staðið sig mjög vel í verkefnum fyrir hönd nýbúa frá Víetnam.

Emily Huong Xuan er einnig af erlendum uppruna en hún er ein af fáum ungmennum sem tekist hefur að halda áfram námi og hefur verið þátttakandi í verkefninu Framtíð í nýju landi og er nú komin í nám í HÍ.

Í sjóðstjórn Guðrúnarsjóðs eru Guðrún Halldórsdóttir, Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir og Kristín Árnadóttir.

HASSO

Bílaleiga

Tel: 555 333 0

*Meira fyrir
minna!*



Höfum flestar gerðir bíla á frábærum verðum.

Hafðu samband!

Hasso Ísland - Smiðjuvegi 6, rauð gata, sími 555 333 0



Hvað langar þig að gera þegar þú hættir að vinna?

Láttu draumana rætast með Lífsvali

Því fyrr sem þú hugar að framtíðinni því meiri eru möguleikarnir á að láta framtíðardraumana rætast. Lífsval, lífeyrissparnaður Sparisjóðsins er traust leið fyrir þig til að ná fjárhagslegu öryggi á efri árum. Þjónustufulltrúar Sparisjóðsins hjálpa þér við að velja hentuga ávöxtunarleið.

Helstu kostir Lífsvals

- Engin upphafspóknun
- Góð ávöxtun
- Sparnaður greiddur við örorku
- Sveigjanleg starfslok
- Sömu lífsgæði á efri árum
- Sparnaðurinn erfist

